

Blaðamaðurinn



Apríl 2010 • 1. tbl. • 32. árgangur

FÉLAGSTÍÐINDI BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS



Myndir ársins 2009



Siðareglur BÍ

Yfirskrift, ráðstefnum var fjólmíðlar og kynþáttardómur og umræður þar sýndu áleggjafur útverk og sýndu fjóla löngun- ingarinnu mífelas. Einir sáranna inn á á öðliminn væri að eirileglu samfrág og tryggjað innflytjum og rum minni hlutum þum þari gæta hátt undir höf og öðum samfélags- hópum. Á þar minni á að fjöldi ölar gegndu á haldsverkum gagnvart stjórnvöldum fyrir ind innflyjenda eins og annarra samfélagshópa þótt raddir þeirra væru ekki eins há-



Heimsókn til Færeyja

-Tjeningarfrelsi er ekki frekar en önnur frelsisréttind. Þetta segir dómstóllinn í þessum samdómi að fyrir- mæli um að... sé heimildarmaður að frásögn stríði gegn 10. grein Málaáhrifaálagu nema önnur veigameiri sjónarmið eigi við. Slíkar takmarkanir koma þó á fjögur gaumgæfilega athugun. Í Goodwin dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 10. grein sáttmálans. Málavextir voru þeir að William Goodwin,

- **Blaðamanna- verðlaun 2009**
- **Rök dómnefndar**
- **Föstudagskaffi í Siðumulanum**

- **Boðskapur siðaúrskurða**
- **Siðareglur 365 miðla**
- **Félagatal**



EFNÍ BLAÐSINS



Blaðamannaverðlaun

- 4** Tilnefningar dómnefndar:
Blaðamannaverðlaun 2009
- 5** Rökstuðningur dómnefndar blaðamanna-
verðlauna 2009
- 6** Ávarp dómnefndar

Verðlaunamyndir

- 7** Verðlaunamyndirnar 2009

Félagið

- 13** Þóra Kristín Ásgeirsdóttir:
Blaðamenn á umbrotatímum
- 14** Kjarasamningar
- 17** Fríða Björnsdóttir:
Föstudagskaffi hjá Blaðamannafélaginu
- 18** Kjarakönnun

Siðamál

- 20** Tillaga að nýjum siðareglum
- 22** Friðrik Þór Guðmundsson:
Boðskapur siðanefndarúrskurða
- 26** Birgir Guðmundsson:
Siðareglur 365 miðla

Útgefandi: Blaðamannfélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).

Prófarkalestur: Bragi V. Bergmann

Útlitshönnun: Ásprent

Prentun: Ásprent

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155

Bréfsími 553-9177

Netfang **bi@press.is**

Heimasíða Bí **www.press.is**

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.15-16.30.

Starfsmenn Bí eru Hjálmar Jónsson, framkvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókarí.



Umræðan

- 29** Persónuleg reynslusaga af fjölmiðlum
- 31** Klemens Þrastarson:
Gamla flokksblaðið gengur vel

Úrskurðir

- 34** Úrskurðir siðanefndar
- 43** Félagatal

Forsíðumyndin

er mynd ársins 2009 og myndir úr myndaröð ársins 2009 sem Rakel Ósk Sigurðardóttir tók.

Blaðamennska og blaðamenskulíki

Það eru erfiðir tímar í fjölmiðlum um þessar mundir. Tugir blaðamanna hafa misst vinnuna og sparnaður og aðhald einkennir allan rekstur jafnt einkamiðla sem Ríkisútvarpsins. Þó má til sanns vegar færa að sjaldan hefur verið eins brýnt og einmitt nú, að fjölmiðlarnir séu í stakk búnir til að takast á við sitt mikilvæga lýðræðishlutverk. Uppgjör vegna hrunsins er í þann veginn að færast inn á nýtt stig með skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og pólitískir og viðskiptalegir sérhagsmunaaðilar eru þegar farnir að undirbúa skotgrafahernaðinn sem framundan er, skotgrafahernað þar sem hver reynir a fegra sinn þátt og reyna a benda á sök í farteski einhvers annars. Það mun því mæða mikið á þeim kraftmiklu og samviskusómu fagmönnum sem enn starfa á ritstjórnnum fjölmiðlanna.

Þegar fjölmiðlarnir sem fyrirtæki ganga í gegnum táradal samdráttar og rekstrarerfiðleika, er óhjákvæmilegt að slíkt komi niður á blaðamönnum og möguleikum þeirra til lífsviðurværis. Hins vegar er sérstaklega mikilvægt að blaðamenn sem fagstétt elti ekki fjölmiðlafyrirtækin inn í táradalinn og gengisfelli faglega staðla sína og grundvallaprinsipp til þess eins að létta undir með rekstri. Góð og fagleg blaðamennska er – þegar til lengdar lætur – margfalt verðmætari og mikilvægari en árstíðabundin rekstrarafkoma einhverra fjölmiðlafyrirtækja. Enda er hætt við að erfitt kunni að reynast að vinna upp meiriháttar gengisfellingu fagmennskunnar og bæta þann skaða sem slíkt kann að hafa í för með sér.

Auk þess að vera stéttarfélag í hefðbundinni merkingu þá er og hefur Blaðamannafélag Íslands verið sá vettvangur sem blaðamenn hafa til að ræða og þróa faglegt starf sitt. Blaðamannaverðlaun eru dæmi um slíkt og sömuleiðis ýmis pressukvöld, útgáfa Blaðamannsins og síðast en ekki síst útgáfa síðareglna og starf Siðanefndar félagsins. Þetta starf Blaðamannafélagsins hefur nú öðlast enn mikilvægara hlutverk en áður vegna þess að samfélagsaðstæður beinlínis hrópa á upplýsingar sem hægt er að treysta, upplýsingar sem unnið hefur verið úr samkvæmt meginreglum sígildrar blaðamennsku að segja frá mikilvægum málum og öllu því er varðar almannaheill þannig að gætt sé nákvæmni, sanngirni og jafnvægis. Uppfylli upplýsingarnar ekki þessi skilyrði er það ekki blaðamennska heldur blaðamenskulíki. Upplýsingaflæðið í samfélaginu hefur magnast um allan helming með tilkomu nýmiðla á netinu og miklum fjölda dreifileiða og upplýsingagátta. Áreiðanleiki og mikilvægi upplýsinganna er hins vegar ekki í neinu samræmi við magnið og því verður hlutverk blaðamanna og blaðamenskunnar áfram í forgrunni. Mikill fjöldi bloggara og/eða þátttakenda á samfélagsvefjum s.s. facebook og twitter ásamt hugmyndum og umræðum um „borgaralega blaðamennsku“ þar sem allir geti í raun verið blaðamenn, hafa sett sjálft hugtakið um „blaðamennsku“ svoltið á flot. Því er mjög mikilvægt að blaðamenn og Blaðamannafélagið slái ekki af umræðum um fagleg mál og haldi á lofti þeim einkennum sem raunverulega greina á milli blaðamennsku og blaðamenskulíkis. Í þessari aðgreiningu leika síðareglur Blaðamannafélagsins stórt hlutverk, enda eru síðareglurnar brennipunktur hinnar faglegu blaðamennsku. Umræða um síðareglur er því mikilvæg sem og almenn samstaða um þær. Í þessu hefti Blaðamannsins er reynt að verða við þessu kalli og eru birtar tvær greinar um síðamál. Fleiri mál knýja hins vegar dyra, s.s. Blaðamannaverðlaun og Myndir ársins að ógleymdum kjaramálum og almennri stöðu stéttarinnar.

Birgir Guðmundsson

Stjórn BÍ:

Póra Kristín Ásgeirsdóttir, formaður
Elva Björk Sverrisdóttir, Mbl., varaformaður
Sigurður Már Jónsson
Svavar Halldórsson, RÚV
Svanborg Sigmarsdóttir
Sólveig Bergmann, Stöð 2
Kristinn Hrafnsson, RÚV

Varamenn:

Óli Kristján Ármannsson, Fréttablaðinu
Erla Hlynsdóttir, DV
Albert Örn Eypórssón

Samningaráð:

Póra Kristín Ásgeirsdóttir, formaður,
Elva Björk Sverrisdóttir, varaformaður,
Guðni Einarsson, Lilly Valgerður Pétursdóttir,
Svanborg Sigmarsdóttir, Klemens Ólafur Prastarson,
og Valgarður Gíslason

Varamenn:

Kolbeinn Þorsteinsson, Fríða Björnsdóttir
og Erla Hlynsdóttir

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Birgir Guðmundsson formaður, Kristín Þorsteinsdóttir,
Jóhannes Tómasson, Lúðvík Geirsson
og Sigríður Árnadóttir

Stjórn Styrktarsjóðs:

Hjálmar Jónsson, Arndís Þorgeirsdóttir,
Lilly Valgerður Pétursdóttir

Varamenn:

Fríða Björnsdóttir, Guðni Einarsson,
Eiríkur St. Eiríksson

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:

Guðni Einarsson, Kristín Heiða Kristinsdóttir
og Silja Björk Huldudóttir

Fréttablaðið:

Klemens Ólafur Prastarson

Birtingur/DV:

Kolbeinn Þorsteinsson

Stöð 2 og Vísir:

Lilly Valgerður Pétursdóttir og
Gunnar Reynir Valþórssón

Orlofs- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, formaður
Hilmar Karlsson, varaformaður
Lúðvík Geirsson, ritari

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

Siðanefnd:

Björn Vignir Sigurpálsson, formaður
Hjörtur Gíslason, blm., varaformaður
Friðrik Þór Guðmundsson
Ásgeir Þór Árnason, hrl., fulltrúi útgefenda
Salvör Nordal, fulltrúi Siðfræðistofnunar H.Í.

Varamenn:

Jóhannes Tómasson
Valgerður Jóhannsdóttir
Sigríður Árnadóttir



Blaðamanna verðlaun 2009

Tilnefningar til Blaðmannaverðlauna B.Í. fyrir árið 2009

Rannsóknarblaðamennska ársins 2009:

Guðný Helga Herbertsdóttir, Stöð 2, fyrir fjölmargar áhugaverðar fréttir um skattalega meðferð mála í tengslum við fjármálakreppuna og fyrir fjölbreyttar og upplýsandi fréttir um hrúnið hér heima og erlendis.

Ingi F. Vilhjálmsson, DV, fyrir skrif um kúlulán og fjölmargar afhjúpanði fréttir um viðskiptahætti auðmanna og stórfyrirtækja í aðdraganda og eftirmála hrunsins.

Pórður Snær Júlíusson, Viðskiptablaðinu (áður Morgunblaðinu) fyrir upplýsandi fréttir og greinaflokka um aflandsfélög og skattaskjól, einkavæðingu bankanna og umsvifamikil viðskipti stórfyrirtækja.

Besta umfjöllun ársins 2009:

Magnús Halldórsson, Ragnar Axelsson ásamt Ágústi Inga Jónssyni, Morgunblaðinu, fyrir skilmerkilega, myndræna og upplýsandi umfjöllun sem varpaði ljósi á erfitt ástand á fasteignamarkaði á Íslandi. (Ath. leiðrétt frá prentutgáfu.)

Lóa Pind Aldísardóttir, Stöð 2, fyrir vandaðar og aðgengilegar fréttaskýringar um flókin mál, sem varða almenning miklu svo sem um fjármál heimilanna og aðild Íslands að ESB.

Svavar Hávarðsson, Fréttablaðinu, fyrir skilmerkilegan og ítarlegan fréttaskýringarflokk um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Blaðmannaverðlaun ársins 2009:

Gunnar Karlsson, Fréttablaðinu fyrir „Spottið“ og **Halldór Baldursson, Morgunblaðinu**, fyrir „Halldór“, áhrifamiklar teikningar þar sem brennandi samfélagsmál eru sett í hárbæitt en um leið skoplegt ljós.

Jóhann Hauksson, DV, fyrir leiðandi umfjöllun um fall og myndun ríkisstjórna og fréttaskýringar um mikilvæg þjóðfélagsmál.

Póra Arnórsdóttir, Kastljósi RÚV, fyrir mjög vel undirbúin og útfærð viðtöl við innlenda og erlenda sérfræðinga um ýmis málefni sem hátt bar í þjóðfélagsumræðunni.



Handhafar Blaðmannaverðlauna 2009. F.v.: Jóhann Hauksson, Pórður Snær Júlíusson og Lóa Pind Aldísardóttir.

Rökstuðningur dómnefndar 2009

Rannsóknarblaðamennska ársins 2009

Pórður Snær Júlíusson, Viðskiptablaðinu (áður Morgunblaðinu), fær verðlaunin fyrir upplýsandi fréttir og greinaflokkum um aflandsfélög og skattaskjól, einkavæðingu bankanna og umfangsmikil viðskipti stórfyrirtækja. Fjármál og viðskipti voru helstu fréttamál ársins 2009 á Íslandi og í fjölþættum og vönduðum skrifum sínum tókst Þórði Snæ aftur og aftur að draga fram í dagsljósið atriði sem skiptu miklu fyrir umræðuna. Þetta á meðal annars við um fréttir hans af aflandsstarfsemi íslenskra fyrirtækja, skrif hans um endurskipulagningu Exista og starfsemi Milestone svo dæmi séu tekin. Þórður hefur lagt mikið af mörkum við að greiða úr þeim viðskiptaflækjum sem ofnar voru á „uppgangsrúnum“ en áttu síðar sinn þátt í hruninu. Það er íslenskri blaðamannastétt mikilvægt að eiga ungt og áhugasamt fólk sem er duglegt að grafa upp heimildir og gefst ekki upp.

Besta umfjöllun ársins 2009

Lóa Pind Aldísardóttir, Stöð 2, fær verðlaunin fyrir vandaðar og aðgengilegar fréttaskýringar um flókin mál, sem varða almenning miklu svo sem um fjármál heimilanna og aðild Íslands að ESB. Fréttaskýringar og fréttaflutningur

Lóa sýna hve góð tók hún hefur á miðlinum. Þau nýtir hún til að sinna hinu mikilvæga hlutverki blaðamannsins, það er að varpa ljósi á flókin fréttamál svo þau verða áhorfandanum auðskiljanleg. Hún er óhrædd við að fara ótroðnar slóðir í efnistöku og framsetning hennar er myndræn og skýr. Efnistöku hennar eru jafnframt nákvæm, í jafnvægi og sanngjörn, og útkoman verður því blaðamennska sem er til fyrirmyndar.

Blaðamannaverðlaun ársins

Jóhann Hauksson, DV, fær verðlaunin fyrir leiðandi umfjöllun um fall ríkisstjórnarinnar og þýðingarmiklar fréttaskýringar um mikilvæg þjóðfélagsmál. Jóhann er fagmaður með mikla og víðtæka reynslu og sambönd. Þessi staðreynd er sérstaklega mikilvæg á umbrotatímum í þjóðfélaginu þegar óvissa og ringulreið virðist ríkja. Jóhanni hefur tekist í fjölþættum skrifum sínum að útskýra og greina þjóðfélagsástandið, sýna lesendum undir yfirborðið og tengja saman hulda þræði. Á löngum ferli hefur Jóhann áunnið sér traust heimildarmanna og virðingu lesenda sem ásamt reynslu hans og þekkingu gera skrif hans um þjóðfélagsmál ómissandi í samfélagsumræðunni.



Fjöldi manns fylgdist með afhendingunni í Gerðarsafni.



Ávarp við afhendingu blaðamanna- verðlauna 6. mars 2010

– Jóhannes Tómasson fyrir hönd dómnefndar

Góðir hálsar og aðrir gestir.

Hér á eftir verða í sjöunda sinn afhent þrenn verðlaun sem Blaðamannafélag Íslands veitir í jafnmörgum flokkum. Verðlaunanefndina skipa Birgir Guðmundsson, formaður, sem er fjarri góðu gamni í dag, bæði af því að hann býr á Akureyri en þó aðallega vegna veikinda, en við hin reynum að standa fyrir máli okkar. Við hin erum: Kristín Þorsteinsdóttir, Lúðvík Geirsson, Sigríður Árnadóttir og Jóhannes Tómasson.

Til hvers blaðamannaverðlaun? Er eitthvað vit í að verðlauna blaðamenn sem stóðu kannski ekki vaktina í hrundansinum? Eða dönsuðu svo dyggilega með að þeir vissu ekkert hvað var að gerast fyrir utan?

Jú, það er ástæða til þess. Fjölmíðlar hafa alltaf hlutverki að gegna

og þeir hafa sinnt því. Ég voga mér hins vegar ekki hér að fara öllu nánar út í að skilgreina hvort þeir stóðu sig eða ekki. Við ætlum frekar að nota tækifærið í dag og fagna því sem vel er gert og vekja athygli á því ef það mætti verða einhverjum til eftirbreytni. Það er tilgangur blaðamannaverðlauna.

Eins og fyrri ár bárust nefndinni fjölmargar tilnefningar eða milli 60 og 70. Þær eru bæði frá fjölmiðlum sjálfum og hinum almenna lesanda eða neytanda. Þær tengjast margar hverjar umfjöllun um fjármál og margar eru um viðskiptafréttir. Einnig um svo fjölmargt annað sem ástæða er til að fjalla um og endurspeglar daglegt líf okkar svo sem gleðiefni eða harmleiki og allt þar á milli.

Allt eru þetta umfjöllunarefni sem

snerta okkur á einhvern máta. Meðferðin og matreiðslan snerta okkur líka. Og hvað þá hina sem eru til meðferðar í fjölmiðlum. Þetta krefst vandvirkni blaðamanna og ritstjórna og við höfum reynt að skoða og meta en valið var oft erfitt.

Góðir gestir.

Við skulum nú snúa okkur að aðalatriðinu og afhenda verðlaun. Við völdum lítinn hóp úr tilnefningunum og síðan aftur enn minni hóp eða þrjá sem eru fremstir meðal jafninga.

Við byrjum á verðlaunum fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins. Sigríður Árnadóttir kynnr þau.

Þá eru það verðlaun fyrir umfjöllun ársins. Lúðvík Geirsson afhendir.

Að síðustu verða afhent blaðamannaverðlaun ársins. Kristín Þorsteinsdóttir sér um þau.



Verðlaunahafar í keppinni „Myndir ársins“.

Verðlaunamyndirnar 2009



Dómnefnd:

Max Houghton ritstjóri foto8.com
Kjartan Dagbjartsson hjá Nordic Photo
Christopher Lund ljósmyndari
Pétur Thomsen ljósmyndari

Mynd ársins



Ljósmyndari:

Rakei Ósk Sigurðardóttir



Álit dómnefndar:

Mynd ársins sýnir rústirnar af Valhöll. Stór kranabíll er að rífa það sem eftir stendur af húsinu. Almennagjá sést í bakgrunni. Ægífögur mynd af sögulegum atburði. Mynd ársins er úr Myndröð ársins.

Fréttamynd ársins



Ljósmyndari:
Gunnar Gunnarsson



Álit dómnefndar:

Í flokknum fréttamynd ársins var mikið um mótmælamyndir. Fréttamynd ársins er tekin út um glugga alþingishússins. Ungur maður sem liggur á maganum handjárnaður fyrir aftan bak lítur til ljósmyndarans. Fréttagildi myndarinnar jafnt og myndbygging hennar veitu Gunnari Gunnarssyni verðlaunin í þessum flokki.

Þjóðlegasta mynd ársins



Ljósmyndari:
Helgi Bjarnason



Álit dómnefndar:

Þjóðlegasta myndin sýnir okkur Glaumbæ í Skagafirði frá óvenjulegu sjónarhorni. Myndin sýnir vel torfhleðsluaðferðir Íslendinga og þjóðlega byggingarhefð.

Umhverfismynd ársins



Ljósmyndari:
Brynjar Gunnarsson

Álit dómnefndar:

Í flokknum umhverfismynd ársins eru bæði landslags- og borgarlandslagsmyndir. Það kann að hljóma undarlega en íslenskir blaðaljósmyndarar virðast ekki taka mikið af landslagsmyndum. Allavega ef miðað er við innsendar myndir í þessa keppni. Umhverfismynd ársins er borgarlandslag. Myndin er fyrir margt táknræn. Hún sýnir stórt bílastæði þakið snjó, aðeins efst í myndinni sést hluti af húsi er virðist vera tómt verslunarhúsnæði. Eitt lítið tré stendur upp úr snjónum.



Álit dómnefndar:



Flokkurinn tímaritamynd ársins er nokkuð flókinn. Þar inni finnst næstum allt sem birtist í tímaritum: portrett, innanhússmyndir, arkitektúrmyndir, matarmyndir og fleira. Í þennan flokk fara einnig allar myndir sem eru mikið unnar í Photoshop. Dómnefnd átti í töluverður erfiðleikum með að velja myndir í þennan flokk. Það fór til dæmis svo að lítið er um matarmyndir á sýningunni. En ein mynd bar af og var valin tímaritamynd ársins. Myndbyggingin er mjög eftirminnileg. Myndin er tekin inni á íslensku heimili og sýnir okkur í senn stofuna og eldhúsið.



Ljósmyndari:
Bragi Þór Jósefsson

Tímaritamynd ársins





Íþróttamynd ársins



Álit dómnefndar:

Íþróttamynd ársins er vægast sagt óhefðbundin íþróttamynd. Íþróttir fatlaðra fá yfirleitt litla umfjöllun fjölmiðla. Jafnvel þó margt af okkar helsta afreksfólki komi úr röðum fatlaðra íþróttarmanna. Í október síðastliðnum var Evrópumeistaramót fatlaðra í sundi haldið á Íslandi. Lítið var fjallað um mótið fjölmiðlum þó að um stórviðburð væri að ræða. Íþróttamynd ársins sýnir ekki síður átökin sem eiga sér stað í daglega lífinu en þau sem eiga sér stað í keppni. Í horni einu í sundhöllinni hefur keppandi skilið eftir bakpokann sinn og báða fæturna á meðan hann keppir.



Ljósmyndari:
Anton Brink Hansen

Portrettmynd ársins



Álit dómnefndar:

Miklar umræður vori í dómnefnd um portrettmyndir. Eitt sjónarmiðið sem kom fram er að portrettmynd þarf að segja okkur eitthvað um þann sem er á myndinni. Að myndin gefi okkur til kynna hver það er sem situr fyrir. Portrettmynd ársins fellur undir þessa skilgreiningu. Á myndinni sjáum við herra Ólaf Ragnar Grímsson forseta Íslands í teinóttum jakkafötum standandi í stórgrýttri fjöru haldandi sjálfur á flassinu sem lýsir hann upp.



Ljósmyndari:
Heiða Helgadóttir



Daglegt líf



Ljósmyndari:
Valgarður Gíslason



Álit dómnefndar:

Vinningsmyndin í flokknum Daglegt líf sýnir gamlan mann ganga fram hjá stóru skilti sem á stendur Bingó. Vel byggð mynd sem sýnir okkur skemmtilegt augnablik í daglegu lífi.

Skoplegasta mynd ársins



Álit dómnefndar:

Skoplegasta mynd ársins sýnir Árna Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, í sínu nýja starfi sem dýralæknir. Árni er að framkvæma aðgerð á hundi sem lítur út fyrir að vera dauður. Myndin nefnist Dagfinnur Mathiesen.



Ljósmyndari:
Haraldur Jónasson

Myndröð ársins



Ljósmyndari:
Rakel Ósk Sigurðardóttir



Álit dómnefndar:

Íslenskir blaðaljósmyndarar leggja mikið upp úr því að senda myndaraðir inn í keppnina, 6 til 12 myndir sem mynda eina heild. 10. júlí síðastliðinn gerðist sá táknræni atburður að Valhöll brann til grunna. Í 6 myndum, hverri annari betri, er gerð grein fyrir atburðinum. Mjög sterk myndröð í heimsklassa.



Blaðamenn á umbrotatímum

Undanfarin ár hafa íslenskir blaðamenn verið að ganga í gegnum mestu umbrotatíma í íslenski fjölmiðlasögu. Eftir langvarandi deilur um eignarhald tók við efnahagshrun þar sem fjaraði undan íslenskum fjölmiðlum í bókstaflegri merkingu, tugir reyndra blaðamanna misstu vinnuna, aðrir lækkuðu í launum og vinnuálag inni á fjölmiðlunum jókst.

Á sama tíma eru gerðar gríðarlegar kröfur til fréttamanna um að þeir sinni þeirri skyldu sinni að veita fjármála-

lífinu, stjórnáamönnum og eftirlitsstofnunum aðhald og hjálpa lesendum, hlustendum og áhorfendum fjölmiðla að skilja hvað fór úrskeiðis og hvernig það gat gerst. Þetta eru miklar kröfur þegar blaðamenn þurfa til viðbótar að hlaupa hraðar, skila meira efni og hafa áhyggjur af starfsöryggi sínu og síðast en ekki síst herskáum lögfræðingum sem eru tilbúnir að beita hörku til að verja skjólstæðinga sína sem sumir hverjir geta falið sig bakvið löngu úrelt prentlög. Hugsjónir blaðamanna, vönduð vinnubrögð og trúnaður við lesendur er í hættu við slíkar aðstæður.

Það er stundum sagt að blaðamenn séu sjálfsuppteknir og eyði of miklu púðri í að fjalla um vanda stéttarinnar sem sé ekki frábrugðinn því sem blasir við öðru launafólki í landinu. Það má vissulega til sanns vegar færa að vandinn er víðar en á fjölmiðlum. Fæstir ganga algerlega ósárir frá efnahagshruninu. Það sem er hinsvegar frábrugðið er að kröfur til blaðamanna og blaðamennsku hafa aukist á sama tíma og vinnuálag hafa verið gengisfelldar. Einn starfsfélagi okkar orðaði þetta ágætlega þegar hann sagði að það hefðu fleiri misst vinnu-



Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, formaður BÍ.

una í byggingaiðnaði en munurinn væri sá að þar væru líka byggð færri hús eftir hrún. Ef þeir sem enn halda vinnunni í byggingabransanum byggðu jafn mörg hús í dag og árið 2007, væri full ástæða til að hafa áhyggjur af teikningum, burðarþoli og almennum vinnubrögðum.

Íslensk fjölmiðlafyrirtæki hafa þurft að róa lífróður og þar hafa verið gerðar skipulagsbreytingar sem oftar en ekki hafa leitt til atvinnumissis. Uppsagnir hafa í ríkum mæli bitnað á eldra og reyndara starfsfólki sem er dýrara á fóðrum fyrir fyrirtæki. Það er áhyggjuefni fyrir Blaðamannafélagið þegar atvinnuöryggi er jafn lítið og raun ber vitni á fjölmiðlum. Og það ætti að vera umhugsunarefni fyrir alla félagsmenn að dýrmæt réttindi og laun sem tekur fólk áratugi að ávinna sér geta orðið til þess að fólk þurfi að víkja fyrir yngra og ódýrara fólki, á tímum sem þessum.

Í kjarasamningum lögðum við áherslu á að hækka lágstu launin til að koma til móts við þá sem yngri eru fremur en að ná fram hækkun á heildarlaunum. Það er þó ekki bara þeim lágst launuðu til hagsbóta heldur líka til að sporna gegn þeirri þróun að

hægt sé að freista þess að reka fjölmiðla með fátánlega ódýru og óreyndu vinnuafli, og gengisfella þannig störf, vinnubrögð og reynslu þeirra sem fyrir eru. Að auki hafði stéttin staðið frammi fyrir því að laun umfram taxta voru lækkuð af vinnuveitendum og þrátt fyrir vilýrði um að sú lækkun yrði tekin til baka varð það ekki raunin. Launahækkunir og aukin réttindi í almennum kjarasamningum ganga ekki til baka í slíkum aðgerðum. Það er því rík ástæða til

að standa vörð um þá á tímum sem þessum fremur en það sem er ekki fast í hendi.

Blaðamannafélag Íslands er ekki bara stéttarfélag, það er líka fagfélag. Því ber að fylgjast með og ræða og hafa skoðanir á fjölmiðlum á Íslandi í víðu samhengi. Þegar Blaðamaðurinn kemur út að þessu sinni verðum við væntanlega öll búin að fá í hendur Rannsóknarskýrslu Alþingis þar sem meðal annars er komið inn á fjölmiðla í aðdraganda efnahagshrunsins. Íslenskir blaðamenn eru að standa sig eins vel og hægt er miðað við aðstæður á fjölmiðlum og í íslensku samfélagi. Það væri ósanngjarnt að halda öðru fram. Stjórn Blaðamannafélagsins vill hinsvegar leggja sitt af mörkum til að við getum sem stétt dregið lærdóm af þeim upplýsingum sem koma fram í skýrslunni og snúa að fjölmiðlum. Sérstakur starfshópur á vegum félagsins mun móta tillögur um viðbrögð vegna hennar. Félagið vill þannig standa vörð um réttindi jafnt sem skyldur góðra blaðamanna til að hugsjón blaðamennskunnar og trúnaður við almenning verði ávallt í fyrir- rúmi.

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir

30 þúsund kr. hækkun taxtalauna

lægstu taxtar hækka um 17% og þeir hæstu um 10,4%

Blaðamannafélag Íslands hefur lokið gerð kjarasamninga við viðsejendur sína og gilda samningarnir út þetta ár. Samningarnir eru að ýmsu leyti sögulegir. Í fyrsta lagi hafði gerð þeirra dregist í rúmlega ár vegna þeirra efnahagsferiðleika sem gengu yfir í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Í öðru lagi eru samningarnir til óvenju skamms tíma eða til rétt rúmlega árs, en svo stuttir samningar hafa ekki verið gerðir frá því snemma á tíunda áratug síðustu aldar. Þrátt fyrir það fela samningarnir í sér verulegar hækkunir taxtalauna eða um 30 þúsund kr. frá 1. feb. síðastliðnum að telja, 20 þús. kr. frá og með undirritun 2. des. og síðan 10 þús. kr. til viðbótar 1. feb. Í prósentum þýðir þetta að lægstu taxti félagsins hækkar um rúm

17% og að sá hæsti hækkar um 10,4%. Byrjunarlaun fastráðins háskólamenntaðs blaðamanns sem gengur reglubundnar vaktir alla daga eru þannig 310.683 kr. frá 1. feb. sl. samkvæmt töxtum BÍ, sem eru lágmarkstaxtar samkvæmt landslögum.

Þessar hækkunir eru einkanlega mikilvægar í ljósi þess að í fyrsta skipti hafði blaðamannastéttin upplifað beinar almennar launalækkanir haustið 2008 í kjölfar efnahagshrunsins á flestum stærstu fjölmiðlum. Launalækkanirnar náðu eingöngu til svenefndra persónubundinna kjara og voru yfirleitt á bilinu 3-10% eftir því hve um miklar yfirlausnir var að ræða. Þessar yfirlausnir tóku einnig í mörögum tilfellum til tilfallandi yfirvinnu, þannig að ekki var greitt sér-

staklega fyrir hana. Það er einkar mikilvægt að blaðamenn yfirfari kjör sín í þessu ljósi og hversu mikið vinnuframlag er að baki laununum, ef ekki er sérstaklega greitt fyrir yfirvinnu. Þá er heldur ekki um yfirlausnir að ræða eðli málsins samkvæmt heldur greiðslu fyrir vinnuframlag sem innt er af hendi utan hefðbundins dagvinnutíma. Taxtar BÍ eru samkvæmt landslögum lágmarkstaxtar fyrir vinnu við blaðamennsku og það er lögbrot og samningsbrot að greiða minna en þar er kveðið á um. Greiðsla fyrir hvern yfirvinnutíma er um 1% af taxa samkvæmt kjarasamningnum. Ofangreindur fastráðinn byrjandi í blaðamennsku er þannig með 3.224 kr. á tímann í yfirvinnu.

Kjarasamningarnir fela einnig í sér 2,5% hækkun á öllum launum og kjara- tengdum liðum frá 1. júní næstkomandi. Það þýðir að 400 þús. kr. laun, taxti og yfirlausnir hækka hvoru tveggja um 10 þús. kr. í því tilviki. Þá hækkar viðmiðun endurgreiðslu útlagðs kostnaðar vegna fjölmiðla- og fjarskiptanotkunar í 23 þús. kr. á mánuði. Orlofsdögum fjölga einnig hjá þeim sem hafa starfað 10 ár og lengur um tvo, úr 27 í 29, og hjá þeim sem starfað í 18 ár og lengur úr 29 í 30. Með vetrartöföldun er fjöldi orlofsdaga 34 og 35.

Kjarasamningur á Stöð 2 var einnig endurnýjaður í byrjun mars síðastliðnum með þeim breytingum að sett var í hann sólarlagsákvæði. Samningurinn gildir áfram gagnvart öllum sem þar starfa, en nýir starfsmenn verða ráðnir inn á almennan kjarasamning BÍ með tilteknum breytingum.

HJ

Óháð blaðamennska á Íslandi – norrænt málþing

Norrænt málþing verður haldið í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík þann 2. maí sem eins konar upptaktur að alþjóðlegum degi fjölmiðlafrelsis, sem er 3. maí.

Málþingið hefur yfirskriftina „Staða

óháðrar blaðamennsku á Íslandi“ og þar munu leiða saman hesta sína fólk sem þekkt er úr íslensku fjölmiðla- og menningarlífi, forustufólk frá Blaðamannafélagi Íslands og Norræna blaðamannasambandinu og ýmsir frummælendur frá Norðurlöndunum. Þannig verður Katrín



Jakobsdóttir menntamálaráðherra meðal þátttakenda, sem og fræðimenn frá Íslandi og Danmörku og fulltrúar blaðamannafélaganna á Íslandi, Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Færeyja og Grænlands.

Það er Norræni blaðamannaskólinn í Árósum (NJC) sem skipuleggur málþingið í samstarfi við Norræna blaðamannasambandið. Málþingið verður haldið í Þjóðmenningarhúsinu og hefst kl 12:00 og stengur til kl. 16:30. Aðgangur er ókeypis á meðan húsrúm leyfir.

Kjara samningur

milli Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins

1. gr.

Samningstími

Síðast gildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31. desember 2010 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2. gr.

Laun

Kauptaxtar frá og með 1. nóvember 2009 (sjá meðfylgjandi töflu)

3. gr.

Kauptaxtar eru færðir nær greiddu kaupi. Á móti taxtahækkunum lækka ráðningarsamningsbundnar aukagreiðslur. Með því er m.a. átt við yfirborgarir í formi aukagreiðslna, prósentu- eða krónutöluálags á taxta og viðbótargreiðslna í formi óunninna yfirvinnutíma.

Kjosi blaðamaður, sem nýtur álagsgreiðslna umfram það sem kjarasamningar kveða á um, að halda þeim álags- eða aukagreiðslum óbreyttum, þannig að þær gangi ekki inn í reglubundin dagvinnulaun hlutaðeigandi, skal hann tilkynna það vinnuveitanda sínum skriflega innan 45 daga frá gildistöku samnings þessa. Haldast launakjör hans þá óbreytt, og tekur hann þá áfram laun skv. óbreyttum kauptölum að viðbættum óbreyttum álags- og aukagreiðslum.

4. gr.

Launabreytingar 1. júní 2010

Frá og með 1. júní 2010 skulu öll laun og kjaratengdir liðir hækka um 2,5%.

5. gr.

Desember- og júlíuppbót

Desemberuppbót greiðist sem hér segir:

Á árinu 2009 kr. 45.600

Á árinu 2010 kr. 46.800

Júlíuppbót greiðist sem hér segir:

Frá 1. júlí 2010 kr. 25.800

6. gr.

Gr. 4.1. um sumar- og vetrarleyfi verði svohljóðandi:

Sumarleyfi blaðamanna sé minnst 24 orlofsdagar. Blaðamenn á fimmta starfsári fá 22 orlofsdaga í sumarleyfi og 10 orlofsdaga í vetrarleyfi. Óski þeir blaðamenn á fimmta starfsári, sem rétt eiga á 27 orlofsdögum, eftir að taka þá alla að sumri til fellur réttur til vetrarorlofs niður. Blaðamenn eftir tíu ára starf eiga rétt á 29 orlofsdögum. Blaðamenn eftir átján ára starf eiga rétt á 30 orlofsdögum. (Fjölgun orlofsdaga tekur gildi frá og með 1. maí 2010). Þeir sem samkvæmt ósk vinnuveitanda fá ekki 20 sumarleyfis daga á tímabilinu 1. maí til 15. september ár hvert, skulu fá 25% lengingu á þann hluta orlofs, sem veitt er utan ofangreinds tíma eða greiðslu sem því nemur. (Tekið skal fram að ofangreint 25% álag kemur ekki á þann hluta 3ja mánaða orlofs á 5 og 4ra ára fresti, sem er umfram hið venjulega árlega sumarleyfi).

7. gr.

Grein 7.3. Endurgreiðsla útlagðs kostnaðar orðast svo:

Til að sinna starfi sínu ber blaðamönnum að fylgjast vel og skipulega með fréttum í dagblöðum, útvarpi og sjón-

varpi. Blaðamenn þurfa einnig að nota eigin síma til að fylgja eftir fréttum og leita upplýsinga og vera net- og tölvutengdir til að geta sinnt starfi sínu. Þá er og nauðsynlegt að hægt sé ná til blaðamanna á hvaða tíma sólarhrings sem er. Til að koma til móts við þann kostnað sem blaðamenn verða fyrir vegna framan- greindra skilyrða útgefenda, endurgreiðist útlagður kostnaður fastráðinna blaðamanna samkvæmt eftirfarandi reglum:

- Útgefandi greiði áskriftir dagblaða, tímarita og ljósvakamiðla, samtals kr. 10.500.
- Útgefandi endurgreiði símakostnað, samtals kr. 8.500 á mánuði.
- Útgefandi endurgreiði nettengingu og kostnað vegna hennar, samtals kr. 4.000 á mánuði.

Samtala kostnaðarliða á yfirstandandi samningstímabili er kr. 23.000 á mánuði. Útgefandi getur látið í té einhver ofangreindra atriða á eigin kostnað og fellur þá kostnaðargreiðsla vegna þess niður.

Þar eð framangreint skoðast sem endurgreiðsla útlagðs kostnaðar skal eigi greidd nema ein nettenging tölvu á hverju heimili (í þeim tilvikum að fleiri en einn fjölskyldumeðlimur starfi við blaðamennsku). Sama gildir um áskrift dagblaða.

8. gr.

Veikindi barna

Fyrsti málsliður gr. 6.3. orðist svo:

Á fyrsta starfsári hjá sama vinnuveitanda skal foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð, þangað til rétturinn verður 12 dag-



ar á hverju 12 mánaða tímabili, til að hlynnningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið, og halda þá dagvinnulaunum sínum, svo og vaktalági þar sem það á við.

9. gr. Endurhæfingarsjóður

Frá 1. janúar 2010 greiða atvinnurekendum 0,13% í Starfsendurhæfingarsjóð.

Reykjavík, 2. desember 2009
F.h. Blaðamannafélags Íslands,
F.h. Samtaka atvinnulífsins

Bókun um trúnaðarmenn

Fyrri bókanir Morgunblaðsins um trúnaðarmenn falla brott. Almenn ákvæði í kjarasamningi gilda.

Bókun um slysa- og líftryggingar og útlagðan kostnað

Aðilar eru sammála um skipuð verði nefnd sem endurskoði líf- og slysa-tryggingar blaðamanna. Markmið slíkrar skoðunar skal vera að bæta tryggingavernd þeirra blaðamanna sem þurfa að leggja sig í hættu vegna starfa á vettvangi. Þá skal einnig horfa til breytinga sem hafa orðið á tryggingavernd í öðrum kjarasamningum. Slíkri skoðun skal vera lokið fyrir 1. júní 2010.

Nefndin skoði einnig útfærslur um endurgreiddan kostnað, sbr. gr. 7.3.

Bókun um breytingar á launatöxtum

Kjarasamningur aðila miðar að því að færa launataxta nær greiddu kaupi án hækkunar á launum sem hærri eru en

nýju taxtarnir. Við mat á því hvort breytingar á launatöxtum gefi tilefni til hækkunar launa sem fyrir gerð samningsins voru hærri en launataxtinn, ber að leggja við launataxtann allar aukagreiðslur fyrir dagvinnu, aðrar en endurgjald á útlögðum kostnaði.

Ef ráðningarkjör starfsmanns eru þannig að hann taki laun skv. hærri launaflokki eða starfsaldursþrepi en hann á tilkall til skv. kjarsamningi endurraðast hann í hinu nýja taxtakerfi miðað við raunverulegan starfsaldur og starfssvið.

Á móti taxtahækkunum lækka ráðningarsamningsbundnar álags- og aukagreiðslur. Með ráðningarsamningsbundnum álags- og aukagreiðslum er m.a. átt við yfirborganir í formi prósentu- eða krónutöluálags á taxa og viðbótargreiðslur í formi óunninna yfirvinnutíma.

Launatafla SA og BÍ – 1. febrúar 2010 kr. 10.000 hækkun frá töxtum 1. nóv. 2009

Grunnlaun

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	205,279	222,997	233,628	244,896	256,840				
2. flokkur	235,668	256,763	264,673	272,880	281,395	290,229	299,394	308,903	318,769
3. flokkur	242,787	264,673	272,880	281,395	290,229	299,394	308,903	318,769	

Grunnlaun með 15% álag

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	236,071	256,446	268,672	281,630	295,367				
2. flokkur	271,018	295,277	304,374	313,812	323,604	333,763	344,303	355,239	366,584
3. flokkur	279,206	304,374	313,812	323,604	333,763	344,303	355,239	366,584	

Grunnlaun með 21% álagi

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	248,387	269,826	282,689	296,324	310,777				
2. flokkur	285,159	310,683	320,254	330,185	340,488	351,177	362,267	373,773	385,710
3. flokkur	293,773	320,254	330,185	340,488	351,177	362,267	373,773	385,710	

Yfirvinnutaxtar SA og BÍ 1. febrúar 2010

Grunnlaun

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	2,132	2,316	2,426	2,543	2,667				
2. flokkur	2,447	2,666	2,749	2,834	2,922	3,014	3,109	3,208	3,310
3. flokkur	2,521	2,749	2,834	2,922	3,014	3,109	3,208	3,310	

Grunnlaun með 15% álag

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	2,452	2,663	2,790	2,925	3,067				
2. flokkur	2,815	3,066	3,161	3,259	3,361	3,466	3,576	3,689	3,807
3. flokkur	2,900	3,161	3,259	3,361	3,466	3,576	3,689	3,807	

Grunnlaun með 21% álagi

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	2,580	2,802	2,936	3,077	3,227				
2. flokkur	2,961	3,226	3,326	3,429	3,536	3,647	3,762	3,882	4,006
3. flokkur	3,051	3,326	3,429	3,536	3,647	3,762	3,882	4,006	

Föstudagskaffi

hjá BÍ hressir bæði líkama og sál



Eftir
Fríða Björnsdóttur

Föstudagsmorgnar á Blaðamannafélaginu með kaffi og tilheyrandi eru orðnir fastur liður í lífi þónokkuð margra blaðamanna. Um ell-efuleytið skeiða hressir blaðamenn á ýmsum aldri upp stigann í Síðumúlanum og í húsa- kynnum félagsins bíður þeirra hressing, ekki aðeins fyrir líkama heldur ekki síður fyrir sál.

Lengi vel taldi ég að þetta væru aðeins samkomur fyrir gamla blaðamenn sem væru hættir að vinna og komnir á eftirlaun. Sjálfri fannst mér ég ekki eiga þangað erindi, enda enn að vinna sem sjálfstætt starfandi blaðamaður og auk þess fannst mér ég ekki geta talist til gamalla blaðamanna! Líklega er það síðarnefnda þó misskilningur minn.

Nokkuð fastur kjarni mætir í morgunkaffið á föstudögum og hefur heldur fjölg- að í hópnum í kjölfar mikilla uppsagna að undanförunu.

Vettvangur til að hittast og spjalla

– Hvernig stendur á þessum föstudagsfundum, spyr ég Hjálmar Jónsson, framkvæmdastjóri BÍ?

„Mér fannst tilvalið að það væri einhver vettvangur á vegum félagsins þar sem fólk gæti hist og spjallað saman í rólegheitum, einkum þeir sem ekki væru í föstu starfi og hefðu því ekki tækifæri til þess að hitta starfsfélaga með reglubundnum hætti til að ræða landsins gagn og nauðsynjar,“ segir Hjálmar. „Ég taldi vanta slíkan vettvang og raunar held ég að fyrirrennarar mínir í starfi, Lúðvík og Fríða, hafi verið sama sinnis. Það var í raun og veru tilviljun að gjaldprot Útgáfufélags DV varð til þess að nokkrir starfsmenn þar, sem höfðu misst vinnuna, ákváðu að

hittast með reglubundnum hætti upp á félagi, meðal annars til samráðs og til þess að halda sambandi. Það hefur síðan vafið upp á sig og fleiri bæst í hópinn. Stéttar- og fagfélag á að vera tæki félaganna til þess að ná árangri og þetta er að sjálfsögðu einn þáttur í góðu starfi stéttarfélags.“

Eitthvað fyrir þá eldri

Vissulega hafði lengi verið rætt um að Blaðamannafélagið gerði eitthvað til þess að tengja blaðamenn sem hættir voru störfum vegna aldurs við starfandi blaðamenn, en það merkilega er að aldrei varð neitt úr því, ekki fyrr en blaðamenn á DV misstu vinnuna eins og Hjálmar nefnir. Eðli málsins samkvæmt hafa sumir þeirra sem þar höfðu unnið elst og eru hættir störfum. Þar með hefur kannski upphaflega hugmyndin orðið að raunveruleika en þó á þann hátt að í föstudagskaffinu hittast bæði gamlir blaðamenn og þeir sem eru yngri sem og atvinnulausir blaðamenn.

Hilmar Karlsson er sjálfstætt starfandi blaðamaður og var reyndar í hópi þeirra sem hættu á DV þegar blaðið varð gjaldþrota. „Þetta var haustið 2003, ef ég man rétt,“ segir Hilmar og bætir við: „Án þess að vera viss held ég að ástæðan fyrir því að við mættum á föstudögum í húsnæði Blaðamannafélagsins hafi verið sú að menn vildu ræða málin en þetta voru allt blaðamenn sem voru vanir að vera á fjölmennri og opinni ritstjórn þar sem mikil skoðanaskipti fóru fram. Ég kom sjálfur ekki inn í þennan hóp alveg strax.“



Hér láta fara vel um sig í sófum BÍ f.v. Hjálmar Jónsson, Haukur Lárus Hauksson, Hilmar Karlsson, Geir Andersen, Þorbergur Kristinsson Guðlaugur Bergmundsson og Fríða Björnsdóttir í föstudagskaffi hjá Blaðamannafélagi Íslands. Þangað ættu fleiri að koma til að skiptast á skoðunum um helstu mál liðandi stundar.

Hilmar segir að það séu einmitt þessi skoðanaskipti sem séu honum sjálfum og áreiðanlega öllum hinum sem þarna hittast, það sem skipti mestu máli. „Fundirnir á föstudögum eru fyrst og fremst til að koma skoðunum á framfæri um það sem er að gerast í þjóðfélaginu og rökræða málin auk þess sem Hjálmar býður upp á kaffi og meðlæti. Við sem mætum höfum lengst af starfað inni á ritstjórn en erum sum hver sjálfstætt starfandi, en það á einmitt við um sjálfan mig. Þar af leiðandi er ég oftast einn í vinnunni. Það er því gaman og hollt fyrir sálina að vita af föstudagsfundunum til að geta þá komið eigin skoðunum, á því sem er í brennidepli hverju sinni, á framfæri og heyrt aðra vera sammála eða ósammála. Mun heilbrigðara en að setjast við tölvuna og blogga eitthvað út í bláinn,“ segir Hilmar.

Það eru einmitt þau fjórlegu skoðanaskipti sem eiga sér stað á föstudagsmorgnum hjá BÍ sem draga fólk á staðinn. Komi menn einu sinni held ég að flestir komi aftur. Menn eru ósammála um flest sem á sér stað í þjóðfélaginu þessa stundina, en samt er aldrei rifist. Einstaka maður hækkar róminn en er ekki lengi að lækka hann aftur þegar hann heyrir gáfulegar skoðanir félaga sinna. Þegar kaffið er búið af könnunni og veitingarnar farnar að minnka hverfa menn á braut og eru strax farnir að hlakka til næsta föstudagsmorguns. Enginn veit hvað gerst hefur í þjóðfélaginu í millitíðinni, en fréttæfnið hefur ekki skort, að minnsta kosti undanfarið ár.



Heildarlaun

409 þúsund að meðaltali

– 65% hafa lækkað í launum á síðustu 12 mánuðum

Heildarlaun blaðamanna voru að meðaltali 409 þúsund kr. á mánuði samkvæmt launakönnun Blaðamannafélags Íslands sem gerð var í nóvember síðastliðnum, tæpum 2% hærrí en þau voru haustið 2007 þegar sambærileg launakönnun var gerð.

Meðaltal fastra launa var 392 þúsund, sem er 5,6% hærrí en fyrir tveimur árum. Athygli vekur að munurinn á föstum launum og heildarlaunum er einungis rúm 4%, sem sýnir með öðru að greiðslur fyrir yfirvinnu eru hverfandi hluti af launakjörum blaðamanna, enda eru það einungis innan við 10% svarenda í könnuninni sem eru á taxta og fá sérstaklega greitt fyrir yfirvinnu. Hlutfall þeirra sem fá ekki sérstaklega greitt fyrir yfirvinnu hefur farið jafnt og þétt hækkanði. Það var um 80% í launakönnun haustið 2005, um 85% í launakönnuninni 2007 og er nú um 90%.

Könnunin var gerð dagana 5.-13. nóvember. Endanlegt úrtak var 265 og var svarhlutfallið tæp 50%, talsvert lakara en í

könnuninni haustið 2007 þegar svarhlutfallið var um 65%.

Þegar launamumur kynjanna er skoðaður kemur í ljós að heildarlaun karlmanna voru að meðaltali 424 þúsund kr. á mánuði og kvenna 390 þús. Munurinn er 8,7% og hefur launamunur kynjanna minnkað aðeins frá síðustu könnun haustið 2007 þegar hann var 10,6%. Fjórðungur karlmanna er með undir 340 þúsund kr. í mánaðarlaun og fjórðungur kvenna er með undir 311 þús. á mánuði samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Þá er fjórðungur karlmanna, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar, með yfir 488 þús. kr. á mánuði og fjórðungur kvenna er með yfir 473 þús. kr. á mánuði. Miðgildi launa kvenna er hins vegar hærrí en karlmanna eða 400 þús. samanborið við 393 þús. hjá körlunum sem sýnir væntanlega að það eru nokkrir hálaunaðir karlmenn sem hækka meðaltalslaunin hjá körlunum.

Þá kemur einnig fram að tæp 75%

vinna innan við 30 tíma í yfirvinnu á mánuði, þar af um 40% sem vinna innan við 10 tíma á mánuði. Tæp 13% vinna meira en 40 tíma í yfirvinnu á mánuði. 45% svarenda í könnuninni eru í vaktavinnu, hlutfallslega fleiri karlar eða um 51% samanborið við 36% hjá konunum. Þá eru tæp 77% svarenda með engan bifreiðastyrk, tæp 11% eru með bifreiðastyrk innan við 15 þús. og 12,5% eru eð hærrí bifreiðastyrk en 15 þús. Fimmtungur svarenda segir jafnframt að bifreiðastyrkur hafi verið lækkaður eða felldur niður á undanföllum 12 mánuðum.

Fram kemur einnig að laun hafa lækkað hjá 65% svarenda á síðustu 12 mánuðum og hjá 95% svarenda hefur fólk verið sagt upp á vinnustaðnum á sama tímabili. Af þeim sökum hefur þurft að breyta vinnufyrirkomulagi á vinnustaðnum hjá tæplega þremur fjórðu aðspurða og tæp 80% segja jafnframt að álag í starfi hafi aukist.

HJ

Kjarakönnun 2009

	Föst laun, þús. kr.				Heildarlaun, þús. kr.			
	25% mörk	Meðaltal	Miðgildi	75% mörk	25% mörk	Meðaltal	Miðgildi	75% mörk
Allir	316	392	366	468	333	409	393	476
Kyn:								
Karl	325	406	366	476	340	424	393	488
Kona	294	376	350	465	311	390	400	473
Hvaða námi hefur þú lokið?								
Grunnskólaprófi	340	395	377	464	350	404	390	463
Stúdentsprófi	330	412	360	500	350	431	392	508
BA/BS námi	299	379	339	471	320	402	374	483
MA/MS eða lengra námi	325	407	376	445	336	415	393	447
Öðru	306	376	350	458	308	391	399	481
Starfsaldur í blaða- og fréttamennsku:								
Skemur en 1 ár								
1–5 ár	287	324	311	341	300	338	333	359
6–10 ár	336	433	420	496	348	440	420	502
11–15 ár	350	450	400	490	393	464	435	486
16–20 ár	349	443	430	533	368	447	453	529
20 ár eða fleiri	358	427	410	495	396	466	450	520
Ábyrgð:								
Almennur blaða-/fréttamaður	298	340	330	389	320	360	350	400
Vaktstjóri	435	476	473	499	453	486	475	501
Annað ábyrgðar- eða yfirmannsstarf	382	490	494	550	410	505	500	560
Launafyrirkomulag:								
Föst mánaðarlaun	325	403	387	480	335	416	400	490
Taxti og greitt fyrir unna yfirvinnu	294	310	304	331	329	368	348	398

Kjarakönnun 2007 og 2005, samanburður

	Grunnlaun á mánuði, þús. kr.								Heildarlaun á mánuði, þús. kr.									
	25% mörk '07	25% mörk '05	Meðaltal '07	Meðaltal '05	Breyting	Miðgildi '07	Miðgildi '05	75% mörk '07	75% mörk '05	25% mörk '07	25% mörk '05	Meðaltal '07	Meðaltal '05	Breyting	Miðgildi '07	Miðgildi '05	75% mörk '07	75% mörk '05
Allir	295	219	371	292	27,1%	342	265	420	340	310	260	401	330	21,5%	380	327	460	375
Kyn:																		
Karl	300	237	387	311	24,4%	350	290	440	360	324	275	417	356	17,1%	399	350	470	390
Kona	290	205	347	267	30,0%	328	240	397	330	300	240	377	302	24,8%	360	300	458	345

Kjarakönnun 2009 og 2007, samanburður

	Grunnlaun á mánuði, þús. kr.								Heildarlaun á mánuði, þús. kr.									
	25% mörk '09	25% mörk '07	Meðaltal '09	Meðaltal '07	Breyting	Miðgildi '09	Miðgildi '07	75% mörk '09	75% mörk '07	25% mörk '09	25% mörk '07	Meðaltal '09	Meðaltal '07	Breyting	Miðgildi '09	Miðgildi '07	75% mörk '09	75% mörk '07
Allir	316	295	392	371	5,7%	366	342	468	420	333	310	409	401	2,0%	393	380	476	460
Kyn:																		
Karl	325	300	406	387	4,9%	366	350	476	440	340	324	424	417	1,7%	393	399	488	470
Kona	294	290	376	347	8,4%	350	328	465	397	311	300	390	377	3,4%	400	360	473	458

- Launamunur kynjanna er 8,7%
- Skilgreind yfirvinna hverfandi hluti heildarlauna
- 45% blaðamanna í vaktavinnu
- Um 75% vinna innan við 30 tíma í yfirvinnu
- Þrír af hverjum fjórum þurft að breyta vinnufyrirkomulagi
- 80% segja að álag hafi aukist



Tillaga að nýjum siðareglum BÍ

Nefnd um endurskoðun siðareglna BÍ skilaði af sér tillögum að nýjum reglum fyrir síðasta aðalfund. Á næsta aðalfundi stendur til að taka afstöðu til tillagna nefndarinnar og jafnvel afgreiða nýjar reglur. Tillögur nefndarinnar eru birtar hér að neðan, en félagar eru hvattir til að kynna sér þær og taka afstöðu til þeirra og jafnvel gera athugasemdir. Á www.press.is verður úbúinn vettvangur til athugasemda, en auk þess er forusta BÍ vakandi fyrir tillögum. Tillaga nefndarinnar er svohljóðandi:

1. grein

Frumskyldur

Tjáningarfrelsið og miðlun upplýsinga til almennings eru grundvallarforsendur lýðræðislegra samfélagshátta. Það er hlutverk og skylda fagstéttar blaðamanna að segja frá mikilvægum málum og öllu því er varðar almannaheill. Blaðamaður hefur í skrifum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi. Hann skal fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamanna-stéttarinnar í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur í nafni starfs síns. Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir fagstétt hans, hlutverk stéttarinnar og þau gildi sem hún stendur fyrir. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í störfum sínum og skiptum við starfsfélag.

2. grein

Persónuleg ábyrgð

Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann setur fram. Hann vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og byggir frásögn sína á staðreyndum og upplýsingum sem hann veit

hvaðan eru komnar. Blaðamaður falsar ekki gögn, né dregur undan mikilsverðar upplýsingar og hann dregur ekki ályktanir umfram það sem forsendur gefa tilefni til. Blaðamenn leitast við að leiðrétta það hafi þeir birt upplýsingar sem eru rangar eða skaðlega ónákvæmar.

3. grein

Trúnaður

Trúnaður blaðamanna er við lesendur og almenning. Trúnaðartraust milli blaðamanns og heimildarmanns er einn af hornsteinum tjáningarfrelsisins og blaðamaður virðir trúnað við heimildarmenn sína.

4. grein

Tillitssemi

Blaðamaður sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

Blaðamenn skulu hafa hliðsjón af því í viðkvæmum og vandasömum málum hvort almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafn- og/ eða myndbirtingar. Sérstök aðgát skal höfð í umfjöllun um málefni barna, sjúklinga og annarra sambærilegra hópa. Í frásögnum af dóms- og refsímálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

5. grein

Samfélagsleg ábyrgð

Blaðamaður gerir sér grein fyrir áhrifavaldi fjölmiðla og mikilvægu lýðræðislegu hlutverki sínu. Hann reynir því að draga úr hættunni á að fyrir tilverknað

fjölmiðla aukist mismunun á grundvelli kynþáttar, kyns, kynhneigðar, tungumáls, trúarskoðana eða sannfæringar.

6. grein

Heiðarleiki

Blaðamaður varast að lenda í hagsmunaágreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum sem hann tengist. Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis eða ef hann verður uppvis að ritstuldi, grófri mistúlkun, rógmælggi eða tilhæfulausum ásökunum.

Blaðamaður gætir þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi annars vegar og auglýsingum eða öðrum sérhagsmunum í myndum og/eða máli hins vegar.

7. grein

Viðbrögð við broti á siðareglum

Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ innan 2ja mánaða frá birtingu enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma.

Áður skal hann þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Þó getur Siðanefnd úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarkröfum vegna annarra aðstæðna.

Siðanefndin tekur kærana fyrir á fundi innan viku og kveður upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er.

Taki Siðanefnd kærúmál til efnislegrar athugunar skal hún kanna heildarumfjöllun um málið í hinum kærða fjölmiðli. Kærða skal gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiði sínu.



Aðalfundur BÍ 2010

**fimmtudaginn 29. apríl
kl. 20:00 í Síðumúla 23**

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands árið 2009 verður haldinn fimmtudaginn 29. apríl nk. að Síðumúla 23, 3. hæð þar sem félagið er til húsa, og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20:00.

Dagskrá fundarins

Venjuleg aðalfundarstörf
Skýrslur frá starfsnefndum
Kosningar*
Lagabreytingar
Önnur mál

*Framboð til formanns BÍ þarf að berast skrifstofu BÍ ekki síðar en viku fyrir boðaðan aðalfund.

**BÍ-félagar eru hvattir
til að mæta**



Boðskapur

siðanefndarúrskurða



Eftir
Friðrik Þór
Guðmundsson

Siðareglur bæði hérlendis og erlendis eru ákaflega misjafnar hvað umfang og inntak varðar og það gildir einnig um siðareglur blaðamannastéttarinnar. Blaðamannafélag Íslands (hér eftir BÍ) hefur talið að ein helsta röksemdin fyrir því að hafa siðareglur BÍ fáar og „opnar“, sé að þá eru þær sveigjanlegar gagnvart tíðarandanum og túlkun siðanefndarmanna hvers tíma.

Þorsteinn Gylfason, formaður Siðanefndar BÍ (hér eftir SBÍ) um langt árabíll, hefur útskýrt þetta með eftirfarandi hætti: „Íslenzku reglurnar rúmast á einni síðu. Þau einkenni á íslenzku reglunum að þær eru stuttar og almennar virðast mér hafa gefið vel. Þau gefa siðanefnd færi á að bregðast með ferskum hætti við nýjum aðstæðum, og taka tillit til margvíslegra óskráðra reglna á fjölmiðlum og í samfélaginu sem oft breyta miklu um eðli máls“.

Það hefur því verið meðvitað ákvörðun að hafa siðareglur BÍ stuttar og opnar til þess ekki síst að gefa siðanefnd félagsins svigrúm til að túlka reglurnar í ljósi breytinga í samfélaginu – breyttis tíðaranda og annarra samfélagslegra viðmiðana.

Siðareglur, aðgengi og fordæmi

Í því ljósi hljóta fordæmin í uppsöfnuðum úrskurðum SBÍ að vera mikilvæg viðmið og í raun og veru fela í sér nánari útfærslu á siðareglunum. Hér verður með þetta í huga leitast við að skoða úrskurði SBÍ frá 1999/2000, en tímabil þetta er valið með það í huga að ná utan um téðan „tíðaranda“. Slík greining hefur aldrei áður sést.

Þess skal þó fyrst getið, sem miður er, að siðanefndarúrskurðir þessa tímabils eru nánast ósneritir af fræðimönnum, og auk þess ekki allir vel aðgengilegir þeim sem vilja kynna sér þá alla. Á umræddu tímabili hefur SBÍ afgreitt alls 60 mál. Meirihluta úrskurðanna má nálgast rafrænt á siðaregluvef BÍ, 40 mál (á umræddu tímabili) og í gegnum prentuð eintök og vefútgáfur tímaritsins *Blaðamaðurinn*, sömuleiðis á vef BÍ, 10 mál til viðbótar. Ég varð hins vegar að fá eftirstæð 10 mál með sérstökum ráðstöfunum. Augljóslega mætti laga aðgengið að úrskurðum SBÍ.

Það kom hins vegar meira á óvart þegar höfundur spurðist fyrir um skipulegar reifanir á úrskurðum SBÍ að ekkert slíkt efni hafði verið tekið saman.


Miðað við áhersluna á að hafa siðareglurnar fáar en opnar fyrir túlkun og tíðaranda þá hlýtur það að teljast galli á gjöf Njarðar að þessar túlkanir og þar með fordæmi séu ekki til í samantekt og aðgengilegar. Þessi grein er þar með fyrsta viðleitnin í þessa átt.

Á 10 ára tímabilinu frá 1999/2000 til 2008/2009 voru skráð inn alls 60 kærsmål hjá SBÍ, en tvö mál voru sameinuð í eitt og hér eru því 59 mál til umfjöllunar. Af þessum 59 málum lauk 12 með frávisun (20,3%), 29 með „sýknu“ (49,2%) og 18 með úrskurði um brot á siðareglum (30,5%). Í þessum 18 brotamálum töldust átta brot á mælisverð, átta alvarleg og tvö mjög alvarleg. Miðað við greiningu Róberts Haraldssonar og Steinars Atlasonar á siðanefndarúrskurðum 1966-2005 fer „sýknum“ ótvírætt hlutfallslega fjölgandi í gegnum árin (úr fimmtungi í helming) en brotaúrskurðum fækkandi (úr tveimur þriðju í tæplega þriðjung).

Um lögsögu, leiðréttingakröfur, aðild og fleira

Fyrst er rétt að koma inn á tæknileg vinnuregluatriði, þ.e. ræða til hverra siðareglurnar ná og hvaða mál að öðru leyti teljast tæk. Í því sambandi liggja eftirfarandi línur fyrir:

1. Í sjöttu grein siðareglunnanna segir efnislega að hver sem er geti kært blaðamann, en áður skuli hann „þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli“. Þessi regla er þó allsendis ekki altæk samkvæmt fordæmum. Þannig þykir oft vandseð hvernig hægt er að leiðrétta myndbirtingar. Einnig má nefna að fallið var frá leiðréttingarkröfu í máli nr. 5/2003-2004, þar sem sýnt þótti að kærandi „fengi ekki úrlausn mála sinna með því einu. Ennfremur þótti nefndinni ekki hjá því komist að fjalla um málið, þar sem ásökun um hagsmunatengsl var meginatriði kærunnar“. Loks má nefna til





Hjálmar Jónsson, þáverandi formaður BÍ, færir Þorsteini Gylfasyni blóm í þakklátisskygni fyrir vel unnin störf á aðalfundi 2003. Eins og greinarhöfundur segir setti Þorsteinn mark sitt með afgerandi hætti á störf síðanefndar.

sögunnar mál nr. 4/2005-2006: „Siðanefnd telur einnig að skilyrði þess að kærandi leiti fyrst leiðréttingar mála sinna eigi ekki við í þessu tilfalli, því í raun sé ekki hægt að leiðrétta fréttina.“

2. Í sjöttu greininni segir: „Nú bera ummæli ekki með sér hver sé höfundur þeirra eða viðkomandi blaðamaður er utan BÍ og gengur þá úrskurður svo sem ritstjóri og/eða ábyrgðarmaður eigi beina aðild að. Þótt enginn þessara aðila sé í BÍ getur Siðanefnd allt að einu lagt fram rökstutt álit um kæruefni.“ Sú hefð hefur ótvírætt skapast að hægt er að kæra **utanfélagsmenn á ljós-vakamiðlunum** til SBÍ (þetta er útskýrt ágætlega í niðurstöðu máls

nr. 2/2008-2009), bæði fréttamenn og fréttaritari.

3. Sú viðmiðun síðareglna að hver sem er geti kært sem „**á hagsmuna að gæta**“ er ekki altæk. Þannig segir t.d. í niðurstöðu máls nr. 7/2002-2003: „Siðanefnd hefur áður tekið mál til meðferðar, sem kærð hafa verið til hennar af aðilum sem ekki eru beinlínis aðilar máls. Í máli síðanefndar nr. 3/2002-2003 var talið að í hlut ætti ákveðinn þjóðfélagshópur, sem ætti erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér, auk þess sem umræða um hugsanlega kynþáttafordóma snerti almenna hagsmuni.“

4. Kært efni verður að hafa **birst í fjölmíðli**. Í máli nr. 1/2004-2005 kemur

skýrt fram að tjáningarfrelsi blaðamanna verði ekki skert utan fjölmíðlastarfa og að tölvupóstur sé ekki kæránlegur komi hann blaðamennskustörfum ekki við.

5. **Leiðarar og persónulegar skoðanir** undir nafni lúta ekki kæru (sjá t.d. mál nr. 4/2006-2007).

6. Skrif blaðamanna á eigin „**blogg**“-**síðu** eru utan umfjöllunarsviðs SBÍ, samanber mál nr. 5/2007-2008.

7. Skoðanir **viðmælenda** fjölmíðlamanna lúta ekki kæru, samanber mál nr. 3/2007-2008 (umræður í Kastljósi).

8. **Nafnlausir smádálkar**, sem stundum eru nefndir „slúður“, falla ótvírætt undir síðareglurnar, samanber mál nr. 6/2002-2003.

Um vandvirkni og tillitssemi

Allflest mál sem kærð eru til SBÍ lúta að þriðju grein siðareglanna, þar sem tekið er á vandvirkni og tillitssemi. Hvað tillitssemisreglunar varðar ber einna hæst það viðhorf SBÍ að mjög varlega skuli fara í viðkvæmum málum, er lúta að einkamálefnum fólks, einkum þeirra sem höllum fæti standa og geta illa varið sig opinberlega.

Í máli nr. 1/2005-2006 er fjallað um stöðu **sjúklunga**: „Almennt telur siðanefnd að gæta þurfi sérstakrar varkárni í umfjöllun um sjúklunga og að virða beri einkalíf þeirra.“

Í máli nr. 4/2007-2008 er fjallað um **persónulega harmleiki**: „Vægðarlaus umfjöllun um deilumál tengd skilnaði kæranda og fyrrverandi eiginkonu hans, er ekki verður felld undir annað en persónulegan harmleik, og ekki síst umfjöllun um alvarleg andleg veikindi konunnar og sjálfsvígstíllraunir hennar, eiga ekkert erindi í fjölmiðla. Í því efni breytir engu þótt frásögnin sé höfð eftir þriðja aðila. Umfjöllunin jafngildir nafnbirtingu bæði konunnar og barna þeirra og er til þess fallin að skada saklaust fólk ... einkamálefni kæranda og fjölskyldu hans sem borin eru á torg án þess að séð verði hvaða erindi þau eigi í fjölmiðla og hins vegar þungar ásakanir um líkamsárás og skattamál“.

Í máli nr. 7/2002-2003 er blaða- og fréttamönnum bent á að fara sérstaklega varlega í umfjöllun um **minnihlutahópa**: „Blaðamönnum ber að sýna fyllstu tillitssemi í umfjöllun um viðkvæm mál er snerta minnihlutahópa varðandi nafngreiningu eða nánari tilgreiningu á þeim sem í hlut eiga.“ Í máli nr. 3/2002-2003 er síðan fjallað um útlendinga og/eða innflytjendur: „Siðanefnd telur að orðin „af asískum uppruna“ í frétt Eiríks Jónssonar séu til þess fallin að ala á kynþáttafordómum ... Fréttin hefði fyllilega staðið undir sér þó sleppt hefði verið orðunum „af asískum uppruna.“

Vandvirknisreglan gerir einkum ráð fyrir því að blaða- og fréttamenn hafi **traustar heimildir** fyrir því sem fram er sett, en þó einkum og sér í lagi ef fram koma alvarlegar ásakanir í garð einhvers aðila. Í máli nr. 2/2008-2009 segir þannig: „Í þessari fyrstu frétt

sjónvarpsins um málið koma fram alvarlegar ásakanir (á fyrrum forstjóra). Ljóst er að fyrir slíkum fréttum hljóta að þurfa að vera afar traustar heimildir.“ Hins sama er getið í máli nr. 3/2007-2008, en með þeirri mikilvægu viðbót að það sé ekki SBÍ að meta hversu heimildirnar eru traustar: „... í fréttinni kom fram að fréttastofa sjónvarps teldi sig hafa traustar heimildir fyrir þeirri fullyrðingu að sumir mótmælendur fengju greitt fyrir að vera handtekin af lögreglu. Siðanefnd hefur ekki forsendur til að meta trúverðuleika heimilda ríkissjónvarpsins enda hafa ekki verið lögð fram frekari gögn um efnið. Þar stendur orð gegn orði.“

SBÍ hefur í gegnum tíðina úrskurðað í ófáum málum á þann hátt að ekki hafi verið **aflað nægilegra upplýsinga** og má nefna mál nr. 1/2007-2008 sem dæmi: „Af fyrsta þætti þessarar umfjöllunar, 26. apríl, má greinilega sjá að ekki hefur verið aflað nægilegra upplýsinga til gefa rétta mynd af málinu ... Fréttamaður lét undir höfuð leggjast að afla grundvallarupplýsinga í viðkvæmu máli.“

Hins vegar hefur SBÍ sett fram ótvíráðan skilning á því að **vinnuálag og tímaþröng** geti haft áhrif á vinnslu fréttar og er mál nr. 4/2008-2009 gott dæmi um þetta: „Eðli málsins samkvæmt þarf iðulega að fara hratt yfir sögu í umfjöllun af þessu tagi. Sjaldan gefst tími til að fara í nákvæmar útlit-anir og einfalda þarf flókna hluti ... Slíkt má þó ekki verða á kostnað staðreynda og nákvæmni upplýsinga.“

Um réttinn til andsvara

Engum blöðum er um það að fletta að SBÍ telur **réttinn til andsvara** mikilvægan, þótt ekki sé með beinum hætti kveðið á um það í siðareglum, eins og kemur fram í máli nr. 2/2001-2002: „Kærandi kvartar meðal annars yfir því að fréttin var ekki borin undir Norðurljós. Siðareglur leggja engar sérstakar kvaðir á blaðamenn í því efni, en í ljósi þeirra ber að minnsta kosti að telja skylt að bera frétt undir aðila máls ef telja má að fréttin skaði hann eða sé honum til vanvirðu.“

Mikilvægi réttarins til andsvara hefur enda oft komið fram í úrskurðum í

tengslum við gagnrýni og/eða ásakanir og í máli nr. 8/2002-2003 kemur þetta meginsjónarmið vel fram: „Almenn vinnuregla blaðamanna er að leita eftir sjónarmiðum þess sem er skotsþónn fréttar.“ Einnig í máli nr. 6/2007-2008: „Jafnframt beri það vott um óvönduð vinnubrögð að gera enga tilraun til þess að hafa samband við kæranda og leita skýringa á því af hverju bréf með nafni kæranda fannst í ruslinu.“

Um aðhaldshlutverkið og almannahag

SBÍ hefur nokkrum sinnum komið inn á **aðhaldshlutverkið** gagnvart valdaaðilum og í máli nr. 1/2007-2008 kemur hin almenna aðhaldsregla skýrt fram: „Siðanefnd telur að það sé sjálfsgöð skylda fjölmiðla að veita stjórnvöldum aðhald og taka upp mál sem bent geta til þess að misfarið sé með vald.“

Einnig er það talið eðlilegt hlutverk fjölmiðla að greina skilmerkilega frá því sem miður fer eða er í samfélaginu, svo sem með í huga **forvarnir/varnaðaráhrif og almannahag yfirleitt**. Eftirfarandi dæmi lýsa þessari afstöðu með skýrum hætti:

„... það sé eðlilegt hlutverk fjölmiðla að vekja athygli á því sem betur megi fara í umhverfismálum, þar með talið umfjöllun um rusl sem hent sé á víðavangi.“ Mál nr. 6/2007-2008.

„Umfjöllun um harmleiki er ávallt vandmeðfarin en hefur að sjálfsögðu fréttagildi og gæti einnig haft varnaðaráhrif.“ Mál nr. 5/2006-2007.

„Siðanefnd ákvað að taka kærana til umfjöllunar, þrátt fyrir að kærandi eigi ekki beina aðild að málinu. Um er að ræða ákveðinn þjóf félagshóp sem á erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér, auk þess sem umræða um hugsanlega kynþáttafordóma snertir almanna hagsmuni.“ Mál nr. 3/2002-2003.

Einnig má nefna eftirfarandi dæmi, þótt úrskurðurinn falli utan þess tímabils sem annars var til skoðunar: „... Myndbirtingar af þessu tagi hafa verið réttlættar með því að þær séu árangursrík viðvörn við hrað- og ölvunarastri og hafa lögreglugyfirvöld staðfest að slíkar myndbirtingar hafi orðið til þess að draga úr hvoru tveggja. Myndbirtingar af þessu tagi

geta engu að síður magnað sorg þeirra sem um sárt eiga að binda í umræddum tilvikum, en siðanefnd telur þær engu að síður réttlætunarlegar ... Tímaritið Allt tekur hins vegar þann þátt málsins fyrst og fremst upp til að birta hinar dökku hliðar mannlífsins og sýna fram á að slíkt ofbeldi viðgangist. Greinin er skrifuð sem eins konar viðvörn og á fullan rétt á sér sem slík.“ Mál nr. 2/1998–1999.

Um tímasetningu fréttá

Ekki verður betur séð en að SBÍ hafi sent frá sér tvíráð skilaboð um tímasetningu fréttá, þ.e. hvenær óhætt er að opinbera upplýsingar. Nefndin hefur sagt í lagi að fara af stað (með fyrstu birtingu), þótt ekki séu öll kurl komin til grafar, en heimildir taldar traustar (sbr. mál nr. 2/2008–2009). Jafnframt að þegar fyrirliggjandi staðreyndir eru nægar þá megi birta frétt þótt ekki hafi tekist að ná í tiltekinn lykilaðila málsins (sbr. mál nr. 2/2007–2008). Í máli nr. 5/2005–2006 sagði SBÍ enn fremur að það væri „hvorki í höndum siðanefndar BÍ né kæranda að meta eða ákveða fyrir fjölmiðla hvenær fjallað skuli um mál og hvenær ekki.“

En í máli nr. 1/2007–2008 sagði SBÍ hinsvegar: „Umfjöllun um þetta mál var að ýmsu leyti vandasöm, ekki síst vegna tímasetningarinnar, enda aðeins liðlega tvær vikur til alþingiskosninga ... Mátti fréttamönnum vera sérstaklega ljóst mikilvægi þess að ekki væri farið með rangar eða misvísandi upplýsingar um málið ...“

Í síðastnefnda málinu vék þessi frjálslýnda túlkun um hvenær fara megi af stað með frétt fyrir því að blaða- og fréttamenn verði að fara sérstaklega varlega undir kringumstæðum eins og þegar kosningar eru í nánd.

Um óhefðbundin vinnubrögð

Í siðareglum BÍ er ekki að finna ákvæði um hvaða vinnuáferðir við öflun upplýsinga teljast siðleg eða ekki siðleg. Það er því ekki hægt með skýrum hætti að aðgreina hvaða vinnubrögð geta talist hefðbundin eða óhefð-

bundin og því reynir fyrst og fremst á túlkun á þriðju grein siðareglanna í því sambandi.

En SBÍ hefur kveðið upp hið minnsta einn mikilvægan úrskurð, þar sem fjallað er um þau óhefðbundnu vinnubrögð að beita leynilegri upptöku við öflun upplýsinga – í máli nr. 1–2/2003–2004 (sameinuð mál um sama efnið). Í því máli beitti Stöð 2 sér fyrir því að varpa ljósi á starfsemi svokallaðra erótískra nuddstofa og sendi fréttamann á slíkan vettvang. Upptaka og viðtal fóru þar fram með leynilegum hætti.

SBÍ komst að þeirri niðurstöðu að að öðru jöfnu hefðu þessi óhefðbundnu vinnubrögð getað falið í sér brot á siðareglunum. En fjölmiðillinn var ekki talinn brotlegur á þeim forsendum að um hafi verið að ræða „starfsemi sem erfið er að afla upplýsinga um en óhjákvæmilega kallar á umfjöllun fjölmiðla, starfsemi þar sem ólíklegt var að hefðbundin vinnubrögð fréttamanns hefðu skilað fullnægjandi árangri.“

Lokaorð

Höfundur telur ástæðu til að benda sérstaklega á tvennt, sem alls ekki hefur beina skírskotun til ákvæða siðareglanna, en varðar dagleg störf blaða- og fréttamanna miklu.



Í fyrsta lagi:

Siðanefnd telur að það sé sjálfsögð skylda fjölmiðla að veita stjórnvöldum aðhald og taka upp mál sem bent geta til þess að misfarið sé með vald, mál sem varpa ljósi á skuggahliðar samfélagsins, mál sem senda út samfélagslega aðvörn og hafa forvarnargildi og mál sem veita hinum raddlausu rödd (t.d. minnihlutahópum).

Í öðru lagi:

Við upplýsingaöflun sína er blaða- og fréttamönnum fyllilega heimilt að beita óhefðbundnum vinnubrögðum ef málið varðar almannahag. Aðferðir sem geta að öðru jöfnu falið í sér brot á siðareglum eru þannig séð réttlætunarlegar ef aðrar og hefðbundnari aðferðir teljast ófærar og málið varðar almannahag. Þetta sjónarmið var talið gilda um rannsókn fjölmiðils á „erótískri“ nuddstofu, en hið sama hlýtur að mati höfundar að gilda um leynihólf stjórnmála og viðskipta.

**Friðrik Þór Guðmundsson, MA/
stundakennari við HÍ.**

Greinin er stytta útgáfa fræðigreinar og fyrirlesturs á Þjóðarspegli félagsvísindadeildar HÍ 30. október 2009.

Siðareglur 365 miðla og siðareglur B.I.



Eftir
Birgi Guðmundsson

Fjölmiðlafyrirtækið 365 miðlar hefur birt nýjar siðareglur, sem gilda eiga fyrir alla fréttamiðlamiðla samsteyppunnar og eftir atvikum einnig um sjálfstæða þáttagerð á vegum fyrirtækisins. Þessar siðareglur leysa þá af hólmi og/eða koma til viðbótar eldri innanhússreglum ólíkra miðla samsteyppunnar, en skráðar reglur hafa verið í gildi að minnsta kosti fyrir Stöð 2/Bylgjuna og Fréttablaðið.

Siðareglur 365 miðla eru að ýmsu leyti áhugaverðar, m.a. vegna þess að þær eru settar og samþykktar af stjórn fyrirtækisins en ekki ritstjórnun og auk þess taka þær mið af gildum þeim sem fyrirtækið hefur sett á oddinn í stefnumótunarsinnu. Siðareglur þessar eru því nokkuð annars eðlis en siðareglur blaðamanna – annars vegar er um að ræða siðareglur sem fyrirtækið eða skipulagsheildin 365 miðlar setur sér og hins vegar er um að ræða siðareglur tiltekinnar fagstéttar sem hefur mun víðari skírskotun og tilgang. En þó reglurnar séu tvenns konar þurfa þær að vinna saman, þannig að innanhússreglurnar verða í raun útfærsla á stefnu sem

fellur að og samræmist grundvallar-siðareglum blaðamanna sem fagstéttar. Það gera þessar nýju reglur 365-miðla vissulega, rétt eins og fyrri reglur gerðu hjá Fréttablaðinu og hjá Stöð 2 og eins og aðrar innanhússreglur gera þar sem þær eru til hjá starfandi fréttamiðlum á fjölmiðlamarkaði í dag.

Fagstétt og siðareglur

Ástæða er til að hnykkja á þessum mun milli siðareglna fagstéttar og innanhússreglna tiltekinnar fjölmiðlafyrirtækja. Fagstéttin blaðamenn hefur í nútímasamfélagi tekist á hendur ákveðið hlutverk sem er mikilvægt í ljósi almennrar verkaskiptingar og sérhæfingar og hefur því ákveðið kennivald líkt og lækna, lögfræðingar, hjúkrunarfræðingar og margir aðrir sérhæfðir starfshópar. Því hlutverki fylgir ákveðin siðferðileg ábyrgð sem fagstéttin þarf að rísa undir til þess að efna og standa við samfélagskyldur sínar. Hjá blaðamönnum felst þessi ábyrgð í því að upplýsa um það sem skiptir máli fyrir almenning og almanna-hag. Frumskyldur og ábyrgð blaðamanna er því ekki endilega bara gagnvart atvinnurekanda þeirra heldur gagnvart almannaheill og þeirri samfélagshugsjón að störf þeirra séu nauðsynleg til heilla fyrir samfélagið í heild. Enda er það í raun þessi hugsjón sem á endanum gerir fagstéttina að fagstétt. Sigurður Kristinsson, siðfræðingur og dósent við Háskólann á Akureyri, segir þannig í bók sinni „Siðareglur“ (Rannsóknarstofnun í siðfræði 1991) að faglegar dyggðir séu í raun samsettar úr tveimur þáttum,

tæknilegum þætti annars vegar og siðferðilegum þætti hins vegar. Tæknilega hliðin lýtur að því að fólk þarf að kunna og hafa færni á tilteknu sviði, það þarf að hafa til að bera ákveðna sérþekkingu. Læknir eða verkfræðingur þarf að hafa að baki sérhæft nám á sínu sviði. Hins vegar er hægt að beita þessari sérfræðilegri þekkingu á ýmsa vegu og í misjöfnum tilgangi.

„Þess vegna nægir starfsfólki ekki að tileinka sér tæknilega færni og kunnáttu, heldur er þörf á hinum þættinum af þeim tveimur sem faglegar dyggðir samstanda af – hinum *siðferðislega* þætti. Siðferðileg færni og kunnátta starfsfólks leiðir til þess að störf þjóni sínum eiginlega tilgangi í þágu samfélagsins. Þessi hlið starfsdyggðanna kemur í veg fyrir að starfsfólk beiti tæknilegri færni eða þekkingu án þess að skeyta um þær skyldur og ábyrgð sem staða þeirra leggur þeim á herðar eða um siðferðisleg gildi yfirleitt.“ (Sigurður Kristinsson, 1991, bls 21-22)

Hverjir eru blaðamenn?

Þessi tvískipting í tæknilegan og siðferðilegan hluta hefur alveg sérstakt mikilvægi fyrir fagstétt blaðamanna, ekki síst í dag þegar internetið, stafræna byltingin og hugmyndir um „borgaralega blaðamennsku“ hafa gert ýmis ytri einkenni blaðamannastarfsins óljós og landamæri blaðamennsku, bloggs og persónulegra skrifa af ýmsu tagi, þökukennnd. Þessi tvískipting er líka gagnleg þegar hugað er að muninum milli almannatengla



Stjórn 365 miðla samþykkti nýjar siðareglur fyrir fjölmiðlasamsteypuna síðastliðið sumar.

annars vegar og svo blaðamanna hins vegar. Í öllum tilfellum kemur í ljós að báðir þessar hópar kunna að hafa yfir að ráða tæknilegri færni, sem vissulega er hluti af hinni faglegu blaðamennsku, en á endanum er það hinn siðferðilegi þáttur sem ákvarðar hvers eðlis starfsemin er. Þessa áherslu má t.d. sjá í greinargerð Evrópusambands blaðamanna (EFJ) fyrir fjölmiðlaráðstefnu Evrópuráðsins um nýmiðlun og fjölmiðlun á breyttum tímum, sem haldin var í Reykjavík sl. vor. Í þeirri greinargerð er meginþungi lagður á að hin siðferðilegu viðmið blaðamenskunnar, sem m.a. gera kröfu um að búið sé að sannreyna upplýsingar og meðhöndla með ákveðnum hætti, séu það sem skilji milli raunverulegrar blaðmennsku og almennra skoðanaskipta á netinu

Útgefendur eru með

Siðareglur eru ein aðferð og mjög

mikilvæg til að formgera þessa siðferðilegu vidd og þannig skilgreina kjarnann í faglegu starfi blaðamanna, efla faglega vitund og búa til heilbrigðan starfsmetnað til að þjóna samfélagslegu hlutverki sem best. Slíkar almennar siðareglur hljóta fyrst og fremst að vera unnar og þróaðar á grundvelli fagstéttarinnar sem slíkrar, á sem breiðustum grundvelli. Raunar er hægt að hugsa sér að útgefendur kæmu að mótun slíkra reglna líka, enda hefur sú leið víða verið farin, en slíkt fæli í sér mjög æskilega útvíkkun á siðferðiskyldum fagstéttarinnar yfir til fjölmiðlanna sem slíkra. Hér á landi er þessum framlengdu tengslum við útgefendur náð með tvennum hætti. Annars vegar því að útgefendur hafa verið fengnir til að skipa fulltrúa í siðanefnd Blaðamannafélagsins sem úrskurðar um einstök kærsmål á grundvelli hinna almennu siðareglna. Hins vegar með því að siðareglur Blaðamannafélagsins eru almennar

og snerta einungis grundvallaratriði. Það er því umtalsvert svigrúm fyrir útgefendur einstakra miðla til að marka sér sérstöðu með innanhússreglum sem samræmast hinum almennu reglum. Í slíkum innanhússreglum er hægt að taka á ýmsum hagnýtum málum og bregðast við vandamálum – jafnvel lagatæknilegum – sem upp kunna að koma í dagsins önn. Það er ekki síst í því ljósi sem hinar nýju siðareglur 365 miðla eru athyglisverðar.

Siðareglur 365

Hinar nýju siðareglur 365 eru unnar inn í gildaramma fyrirtækisins, en sá gildarammi er niðurstaða úr stefnumótunarvinnu fyrir skipulagsheildina og fyrirtækið 365 miðla, en ekki hugsaður sem grundvallarviðmið fyrir blaðamenn sem fagstétt. En eins og nefnt var í upphafi þá þarf þetta ekki að fela í sér neina mótsögn. Þvert á



Siðareglur 365 miðla eru birtar á heimasíðu fyrirtækisins.

móti eru þessar reglur 365 miðla sérreglur sem útfæra frekar ýmis þau grundvallarviðmið sem sett eru fram í siðareglum B.Í. Fjögur megingildi 365 miðla eru: *Sköpunargleði*, *arðsemi*, *áreiðanleiki* og *samstarf*. Ekkert þessara gilda þarf í sjálfu sér að stangast á við þau grundvallargildi sem fram koma í siðareglum blaðamanna eða í þeim boðskap sem úrskurðir siðanefndar fela í sér. Ef grundvallarhlutverk blaðamanna er skilgreint þannig að blaðamenn *leitir uppi allar þær upplýsingar sem máli skipta fyrir almannaheill og segi frá þeim*, þá er það helst gildið „arðsemi“ sem hugsanlega gæti stangast á við þetta hlutverk. Hins vegar túlka siðareglur fyrirtækisins arðsemisgildið á þann hátt að meginþunginn verður á traust, og að arðsemi af rekstri miðlanna sé í raun fall af trausti þeirra, tiltrú og virðingu. Þannig er arðsemisgildið í raun látið búa til önnur siðferðileg viðmið, sem lúta að ýmsum grundvallarsjónarmiðum í starfi blaðamanna sem fagstéttar. Þetta eru viðmið s.s. virðing fyrir einkalífi og trúnaður við heimildarmenn. Þessi viðmið eru hins vegar ekki sett fram vegna þess að þau eru mikilvæg og siðleg í sjálfu sér eða hluti af hugmyndakerfi blaðamanna

sem fagstéttar, heldur vegna þess að þau styðja við eitt af fjórum megingildunum í stefnu fyrirtækisins, sem er arðsemi. Siðareglur 365 miðla eru því að stórum hluta rekstrarlegt tæki, leiðbeining um tiltekna hegðun sem skapar traust og virðingu, sem síðan er forsenda fyrir því að hægt sé að selja vöruna (fjölmíðlana) á markaði. Þetta eðli reglnanna kemur mjög vel í ljós í þeirri áherslu sem lögð er á að ritstjórnir haldi sig innan ramma laga.

Ritstjórnarstefnan

Ritstjórnarstefnan sem stjórn fyrirtækisins markar í hinum skrifuðu siðareglum er því sú, að varlega skuli farið í umfjöllun, sérstaklega þegar kemur að hugsanlegum meiyrdámálum og friðhelgi einkalífsins, enda geti slíkt bakað fyrirtækinu fébótaábyrgð. Á því er hnykk með því að gera ritstjóra persónulega ábyrga fyrir fjárhagstjónum, sem umfjöllun veldur. Þetta er gert undir þeim formerkjum að með þessu móti fari saman „ritstjórnarlegt frelsi, sjálfstæði og ábyrgð.“ Raunar er það nýmæli á íslenskum fjölmíðlum að formlega sé tekið á því hvort og hvernig ritstjórnar beri fébótaábyrgð á því efni sem birt er. Þetta hefur verið grátt

svæði til þessa þar sem í þeim prentölögum sem nú eru í gildi er það í raun opið hverjum er stefnt vegna ábyrgðar á ummælum sem ekki eru merkt tilteknum höfund, útgefanda eða ritstjóra. Í siðareglum 365 miðla er þessari óvissu eytt með samkomulagi milli ritstjóra og útgefanda þannig að ritstjóri ber umtalsverða fébótaábyrgð sem þó hefur hámark og getur ekki orðið meiri en sem nemur einum mánaðarlaunum. Vissulega er það rétt sem segir í reglunum að með þessu séu tengd saman ritstjórnarleg ábyrgð (fébótaábyrgð) á því sem sagt er annars vegar og ritstjórnarlegt frelsi hins vegar. Hitt er svo annað mál að í nýju fjölmíðlafrumvarpi er farið með þetta í annan farveg, og útgefendur eru fortakslaust látnir bera fébótaábyrgðina. Í því frumvarpi eru þó einnig ákvæði sem leitast við að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði eftir öðrum leiðum. Væntanlega munu 365 miðlar þurfa að endurskoða þessa reglu sína að einhverju leyti fari fjölmíðlafrumvarpið í núverandi mynd óbreytt í gegnum þingid.

Ólíkur grunnur

Nýjar siðareglur 365 miðla eru innanhússreglur, þær eru fyrirtækjareglur sem byggja á stefnumörkun og gildum tiltekins fyrirtækis. Þær ber því ekki að skoða sem siðareglur fagstéttar. Hins vegar eru þær settar og unnar þannig að þær falla að og styðja jafnvel við hinar almennu siðareglur fagstéttarinnar og í sumum tilfellum eru reglurnar í raun þær sömu og hjá Blaðamannafélaginu. Rökstuðningurinn og grundvöllur reglnanna er hins vegar gjörólíkur. Það er fagnaðarefni að fjölmíðlafyrirtæki geri sér far um það í stefnumótun sinni að setja skýrar siða- eða starfsreglur og að þessar reglur rími vel við grundvallarviðmið fagstéttar blaðamanna. Hins vegar er líka brýnt að halda því til haga að slíkar innanhússreglur eru annars eðlis en siðareglur blaðamanna sem fagstéttar.

Persónuleg reynslusaga af fjölmiðlum

– Jónas Kristjánsson skrifar starfssögu sína á bók

Jónas Kristjánsson, ritstjóri og blaðamaður, er að öðrum ólöstuðum einn mesti áhrifavaldur í íslenski blaðamennsku og fjölmiðlun á seinni hluta 20. aldar. Á löngum og farsælum ritstjóraferli hefur hann mótað viðhorf samstarfsmanna og almennings til blaðamennsku og nafn hans er órjúfanlega tengt tilkomu frjálsrar og óháðrar blaðamennsku. Fyrir jólin kom út bók eftir Jónas þar sem hann lítur um öxl og fjallar um stöðu blaðamenskunnar og þær breytingar sem orðið hafa á starfstíma hans. Blaðamaðurinn spurði Jónas hver aðdragandinn hafi verið að þessari bók og hvers eðlis hún væri, hvort þetta væri kannski sjálfævisaga?


„Þetta er ekki ævisaga, heldur starfssaga. Hún fjallar um feril í fjölmiðlun. Í leiðinni reyni ég að gera grein fyrir áhrifum, sem ég varð fyrir, og því fólki sem hafði áhrif á mig. Áður hefur verið fjallað um þetta í ýmsum bókum. Ég er sáttur við það, sem þar stendur og reyni hér að skauta frá þeim textum; bæta við einhverju öðru. Þetta er ekki sjálfævisaga. Ég gæti ekki hugsað mér að skrifa slíka sögu. Ég lét hins vegar segja mér að ég þyrfti að rekja feril minn í sögulegu samhengi.“

– *Fannst þér kannski eitthvað í reynslu þinni eiga sérstakt erindi við samtímann? Vantar kannski meiri og skarpari sýn á fjölmiðlasöguna?*

„Ég er búinn að starfa í fjölmiðlun í nærri fimm áratugi. Nærri sex áratugir eru síðan ég gaf út fyrsta blaðið mitt. Margt gerðist og breyttist á þessum tíma. Sjálfur átti ég þátt í að losa fjölmiðla úr pólitískum viðjum. Átti þátt í að stofna blað, sem var frjálst og óháð.“

Það var þá nýjung. Ég set starfssögu mína í samhengi við fjölmiðlun hvers tíma. Þetta er persónuleg reynslusaga af fjölmiðlun nokkurra áratuga.“

– *Segja má að starfssaga þín sé í raun saga mikilla umbreytinga í íslenskum fjölmiðlum. Þegar þú horfir um öxl, myndir þú segja að sömu*



Kápa bókar Jónasar Kristjánssonar.



Jónas Kristjánsson sést hér taka í hönd Vigdís Finnbogadóttur, þáverandi forseta. Myndin er ein fjölda mynda sem prýða bókina.

grunnildi og hugmyndir einkenndu þig í dag og gerðu þegar þú sem ungur maður á sjöunda áratugnum lagðir upp í vegferð blaðamennskunnar? Hvernig eru blaðamenn öðru vísi í dag en þá?

„Á Tímanum fyrir 48 árum lærði ég strax að hafa rétt fyrir mér og afla heimilda úr ýmsum áttum. Að þessu leyti fékkst blaðamennskan við sömu markmið og hún gerir enn þann dag í dag. Að svo miklu leyti sem Tíminn

var skrifaður af blaðamönnum studdist hann við helstu lögmál siðfræðinnar í blaðamennsku. Nú eru blaðamenn meira lærðir en þá var og siðvenjur þeirra móta fjölmiðla meira. Að öðru leyti eru blaðamenn núna eins og þeir voru fyrir hálfri öld.“

– Í bókinni er að finna palladóma um ýmsa samferðarmenn. Hafa fjölmiðlar verið of ragir við að fjalla um persónur þekkra manna? Hafa palladómar eitthvert gildi?

„Ofsagt er kannski að kalla þetta palladóma. Ég ræðst ekki á tiltekinn lista af valdamönnum. Segi hins vegar frá fólki, sem ég lærði af; fólki, sem vann með mér; og nokkrum þekktum mönnum, sem ég hafði samskipti við. Ég segi frá þessum samskiptum en fjalla ekkert um aðrar hliðar þeirra. Þetta er því ekki heildstætt mat á persónum, aðeins sögur af persónulegri reynslu. Mín sýn hefur gildi eins og hver önnur sýn.“

– Mörgum þykir sem blaðamennsku og tjáningarfrelsi stafi ógn af sérhagsmunum og auðræði og verið sé að þrængja að blaðamönnum með hærri sektum og yfirdrífinni persónuvernd. Rífta má t.d. upp nýlega kærur FME til ríkislögreglustjóra. Ertu samála því?

„Vandamál blaðamanna eru síður en svo meiri en þau voru fyrir hálfri öld. Vinnureglur blaðamanna vigta þyngra en þær gerðu áður. Vandamálin eru hins vegar annars eðlis. Pólitikusarnir eru ekki lengur erfiðastir í samskiptum. Embættismenn og auðmenn hafa tekið við af þeim. Mest hætta stafar núna af nokkurra ára útpenslu hugtaksins einkalíf. Það nær núna yfir allan andskotann; peninga, tekjur, skuldir. Bankaleynd er dæmi um þetta. Dómstólar hafa líka verið frjálssri fjölmiðlum mjög erfiðir síðustu árin.“



MÁLFAARSHORN

Röng notkun miðmyndar (dönsk áhrif)

- *Þátttaka verður að tilkynnast sem fyrst
 - Tilkynna verður þátttöku sem fyrst
 - *Umsóknir sendist fyrir mánaðamót
 - Umsóknir skal senda fyrir mánaðamót
 - *Vextir reiknast frá útgáfudegi
 - Vextir verða reiknaðir frá útgáfudegi
- (Ath. stjórnumerktu setningarnar eru ótækar)

Ofnotuð orð eða orðasambönd

- Aðili
- Varðandi (þetta eru málalengingar)
- Og (þar sem gæti verið **en**)
- Milli (samningar milli deiluaðila, átök milli manna, fundir milli nefndanna o.s.frv. Þessu er ofaukið)
- Viðsnúningur (notið t.d. gjörbreyting)
- Á bilinu (ekki segja *hækkunin verður á bilinu 10-20%,
- Alfarið (*maðurinn neitar alfarið sakar-

giftum. Væri hægt að játa alfarið? Nóg að segja neitar)

– Síðan (ekki segja *fyrir fjórum árum síðan. „Fyrir fjórum árum“ er nóg).
(Ath. stjórnumerktu setningarnar eru ótækar)

Töluorð

- Töluatviksorðin tvisvar og þrisvar merkja það sama og tveim sinnum og þrem sinnum.
- Það er því rangt að segja tvisvar sinnum og þrisvar sinnum.

Gamla flokksblaðið gengur vel



Eftir
Klemens Prastarson

Í Færeyjum eru gefin út tvö áskriftarblöð fimm daga vikunnar. Eiríkur Lindenskov er blaðstjóri færeyska Sósíals-

ins. Blaðið hefur blómstrað síðustu ár og hefur nú náð yfirhöndinni á markaðnum. Eiríkur óttast að það verði brátt eina dagblaðið í Færeyjum.

Það er sunnudagur í Þórshöfn og við Eiríkur sitjum einir á ritstjórn Sósíalsins. Helgarútgáfa blaðsins er gefin út á föstudögum og mánudagsblaðið verður klárað fyrir hádegi á mánudag. Þangað til geta blaðamenn notið síðustu leifa sumarsins.

Í gær var hér heldur enginn. Starfsfólkið mætir klukkan átta á mánudag og hamrar inn texta til hádegis. Blaðið fer svo í prentun klukkan rúmlega eitt

og á sölustaði rétt fyrir kaffileytið. Sósíalurinn er prentaður í um sjö þúsund eintökum. Um þrjú þúsund áskrifendur fá blaðið í hús fyrir kvöldmatinn, og 3-4000 kaupa hann í lausasölu.

Ég spyr Eirík fyrst hvort það sé ekki rétt sem mér sýnist að Sósíalurinn sé vinsælasta blaðið í Færeyjum.

„Jú, það eru eitthvað færri áskrifendur að Dimmalætting. Við náðum fram úr þeim fyrir svona fjórum fimm árum. En fyrir fimmtán árum vorum við litla blaðið, með fjögur til fimm þúsund lesendur en þeir með tíu til tólf þúsund.“



Blaðstjóri Sósíalsins, Eiríkur Lindenskov.



Blaðið er unnið með Apple-tölvum og allir blaðamenn fá ferðatölvu og farsíma frá blaðinu.

Hann skýrir árangur Sósíalsins fyrst og fremst með vinnusemi og skipulagningu. Reksturinn hafi lengi gengið vel og betur eftir að Dimmalætting og Sósíalurinn sameinuðust um prentsmiðju árið 2000. Þá gat Sósíalurinn loks prentað í lit eins og Dimmalætting. Þessi prentsmiðja er í eigu blaðanna beggja og þau sameinast einnig um dreifinguna.

Að sögn Eiríks var ekki talið í Færeyjum að það skerti samkeppni að sameina prentsmiðjurnar. Hann sér ekki hví svo hefði átt að vera.

„Ein prentsmiðja er meira en nóg. Prentsmiðju má nýta allan sólarhringinn, en það tekur bara smástund að prenta eitt blað. Ég held það hljóti að vera betra að reka eina í sameiningu en að vera með tvær hálfar smiðjur.“ Blöðin keppi í því að skrifa fréttir.

Einnig með útvarp og vefsíðu

Á Sósíalnum starfa 45 manns. Sjó þeirra vinna á Rás 2, útvarpsstöðinni

sem sendir út frá háalofti Sósíalsins og er í eigu útgáfufélagsins. Blaðamennirnir skrifa fréttir fyrir Rás 2 og líka fyrir fréttasiðuna Portal.fo, en hún er í eigu FøroyjaTele og er vinsælasta síða Færeyja.

einu er um 250 talsins,“ segir Eiríkur. Blaðið er fjórutú síður á mánudögum og stækkar svo hægt og bítandi upp í um áttatíu síður í vikulok.

„Svo er heimasíðan stór hluti af starfinu. Við segjum stundum að við

séum með 125 prósent af markaðnum, miðað við að það eru um sextíu þúsund vitjanir á viku í landi þar sem búa varla 49.000.“

En hvernig er hægt að reka tvö og hálf dagblað í svona litlu landi, fáid þið styrki frá ríkinu?

„Nei, það hefur aldrei komið neitt frá ríkinu. Í öðrum löndum eru veittir styrkir til dæmis til að stuðla að betri dreifingu, en svo er ekki hér. Það er stundum rætt um þetta, að það þurfi að hlúa betur

að fjölmiðlum. Ríkið rekur auðvitað útvarp og sjónvarp og þessar stöðvar fá um fimmtíu milljónir til að keppa við

Miðlahúsið

Skrifstofur Sósíalsins eru í gömlu timburhúsi við höfnina í Vágsbotni í miðbæ Pórshafnar. Rás 2 er á háaloftinu en á jarðhæð er eins konar samkomustaður, þar sem blaðið býður fólki að halda fyrirlestra um það sem er efst á baugi, eða kynnir bækur með upplestri og þess háttar uppákomur. Þá geta gestir sest niður og fengið sér kaffi. Húsið stendur við Þórsgötu, sem er skilgreind í borgarskipulagi sem gata fyrir menningartengda starfsemi.

„Svo eru í prentsmiðjunni kannski fimm sem prenta og þess háttar, en unga fólkið sem ber út bæði blöðin í



- Það er ekki til síðs á blöðum í Færeyjum að blaðamenn hringi í viðmælendur að loknum skrifum til að segja þeim hvað haft verði eftir þeim. Undantekning er stöku viðtal í innblaði, eða stærri helgarviðtöl.
- Ritstjórnin skoðar forsiðuna í sameiningu á breiðtjaldi áður en hún fer í prentun.
- Stjórnmalamenn fá oftast en ekki birta sömu aðsendu greinina í báðum blöðunum samdægurs.

okkur. Svo selja þær auglýsingar líka. Það þykir okkur ójafn leikur," segir Eiríkur. Innan skamms kemur frumvarp um fjölmiðla í Færeyjum. Menntamálaráðherra hefur látið í það skína að þá verði stöðvum hins opinbera meinað að selja auglýsingar.

Engin pólitísk tengsl

Sósíalurinn hefur komið út síðan 1927 og var í eigu Jafnaðarflokksins til 2006. Spurður hvort Sósíalurinn sé enn tengdur flokknum, segir Eiríkur nei, þau tengsl séu fyrir bí.

„Blaðamenn eiga ekki að vera í stjórnmalahreyfingum eða virkir í pólitík, það má maður ekki. Auðvitað getum við ekki stjórnað því hvernig fólk lifir, en það verður að skilja þarna á milli. Lesendur eiga að vita að blaðamenn eru að skrifa sem blaðamenn en ekki að vinna fyrir einhvern flokk. Sósíalurinn var síðasta flokksblaðið í danska konungsríkinu. En það gekk líka vel og flokkurinn hagnaðist ágætlega þegar hann seldi það frá sér. Hann hafði meira

að gera við peningana heldur en blaðið. Það var hvort sem er orðið of stórt til að vera pólitískt blað.“

Siðareglur og framtíðin

Á heimasíðu Dimmalættingar má lesa ítarlegar siðareglur blaðsins, en Sósíalurinn birtir engar slíkar.

„Nei, við viljum gera en ekki segjast gera. [Hlær.] Við höfum að sjálfsgöðu okkar ákveðnu reglur, til dæmis það sem ég sagði um stjórnmalin áðan, en við birtum þær ekkert á heimasíðunni.“

Dimmalætting er í fjárhagsvandræðum og eyddi miklu í nýbyggingu í iðnaðar- og verslunarhverfi fyrir utan miðbæinn. Á Sósíalnum er reiknað með því að keppinaurinn fari á hausinn innan

skamms. Eiríkur býst ekki við því að landsstjórnin komi hinu sögufræga blaði til aðstoðar, þegar þar að kemur.

„Þeir hafa farið illa með peningana sína og keyptu tvö blöð á markaðnum, sem fóru bæði á hausinn. Dimmalætting er búin að nota allt eigið fé sitt. Það er aldrei að vita nema lánardrottnarnir, bankarnir, bjargi blaðinu, en við vitum að hallinn er mikill. Það var 27 milljóna tap á blaðinu í fyrra, meðan við vorum með 2,3 milljónir í hagnað. Það er mikill munur. Eigið fé þeirra var 28 milljónir í fyrra, og er því bara ein núna. Við eigum hins vegar níu milljónir í eigið fé.“

Eiríki hugnast þetta ekki, því Færeyjar þurfi á minnst tveimur dagblöðum að halda.

Athugasemd

Eftir að viðtalið við að eftir að viðtalið sem hér birtist við Eirik Lindenskov var tekið hefur tvennt gerst í færeyskum blaðaheimi sem brýnt er að nefna: Annars vegar hefur blaðið Dimmalætting sem glímdi við bága fjárhagsstöðu verið selt, m.a. til íslenskra fjárfesta. Hins vegar var ákveðið fyrir skömmu að fækka útgáfudögum Sósíalsins úr fimm í þrjá í viku.

DV telst ekki brotlegt

Mál nr. 3 2008-2009

Kærendur: Jón Helgi Guðmundsson og Sigurður E. Ragnarsson

Kærðu: DV og Ingi F. Vilhjálmsson blaðamaður

Kæruefni: Umfjöllun um bjórsmýgl

Kæran barst síðanefnd með bréfi dags. 27. febrúar 2009. Sjónarmið Inga F. Vilhjálmssonar og ritstjórnar DV komu fram í greinargerðum sem báðar voru dags. 17. mars 2009. Málið var tekið fyrir á fundum síðanefndar 31. mars, 27. apríl og 4. og 11. maí. Ingi F. Vilhjálmsson krafðist þess í bréfi dags. 13. apríl að formaður nefndarinnar, Kristinn Hallgrímsson, viki sæti við afgreiðslu málsins vegna tengsla við Jón Helga Guðmundsson. Ekki kom til þess að tekin væri afstaða til þeirrar kröfu þar sem Kristinn kom ekki að afgreiðslu málsins vegna anna.

Málavextir

28. janúar 2009 birtist í DV frétt þar sem sagt var frá því að bjór hefði verið smyglað til landsins í gámum frá BYKO hf. Með tilvísun í fréttina var á forsiðu birt mynd af Jóni Helga Guðmundssyni stjórnarformanni BYKO hf. Málinu var fylgt eftir næstu daga, 29. og 30. janúar. Í fréttum þessum var m.a. fullyrt að fyrirtækið hefði mútað viðskiptavinum fyrirtækisins með smygluðum bjór.

Fyrir hönd Jóns Helga Guðmundssonar stjórnarformanns og Sigurðar E. Ragnarssonar forstjóra BYKO kærði Andri Árnason lögmaður umfjöllunina og forsiðutilvísanir í hana. Kærð var forsiðufyrirsögn DV 28. janúar: „BYKO mútaði pípurum með bjór“ og meðfylgjandi myndbirting af Jóni Helga Guðmundssyni, umfjöllun í sama blaði undir fyrirsögninni „Viðskiptavinum BYKO mútað með smyglbjór,“ forsiðu-

fyrirsögn DV 29. janúar: „Einn maður tekur á sig sök í BYKO“, meðfylgjandi myndbirting og umfjöllun í sama blaði undir fyrirsögninni „Fullyrt að forstjóri hafi vitað af smygli“.

Kærendur telja að alvarlega hafi verið brotið á sér með meiðandi umfjöllunum þar sem í þeim hafi falist alvarlegar aðdróttanir um refsiverða háttsemi kæranda og hafi þær verið til þess fallnar að valda þeim persónulega og eins fyrirtæki þeirra álitshnekki og þar með tjóni. Með umfjöllun sinni hafi blaðamaðurinn brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands, einkum 3. gr.

Kærendur segja málið hafa verið til rannsóknar hjá tollstjóraembættinu og þá beinst að starfsmanni fyrirtækisins en á engan hátt beinist rannsóknin að forsvarsmönnum BYKO né öðrum starfsmönnum fyrirtækisins. Í fréttum DV hafi hins vegar verið sagt þannig frá málinu að skilja mætti það svo að forsvarsmenn BYKO hafi í raun staðið á bak við hið meinta smygl. Þannig hafi verið fullyrt að BYKO hafi hagnast á smyglinu með því að múta viðskiptavinum með bjórnum. Það hafi verið alrangt og viðkomandi starfsmanni hafi verið sagt upp störfum þegar forsvarsmenn BYKO fengu grun um smyglið. Tenging forsvarsmanna BYKO við málið hafi því verið bæði röng og óviðeigandi.

Í greinargerðum DV til síðanefndar um málið, dags. 17. mars, kemur fram að forsiðutilvísanir hafi ekki verið á forræði blaðamannsins og því ekki á hans ábyrgð. Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður svarar þeim hluta kærunnar fyrir hönd ritstjóra DV, en Ingi F. Vilhjálmsson svarar öðrum kæruliðum, þ.e. þeim sem snúa að sjálfri umfjölluninni inni í blaðinu. Samkvæmt því fjallaði síðanefnd um málið í tvennu lagi.

I Forsiðutilvísanir

Í greinargerð ritstjórnar DV segir að ljóst sé að einhver starfsmaður BYKO

hafi þurft að ferma bjórinn í gáma BYKO í Lettlandi og nokkra starfsmenn fyrirtækisins hafi þurft til að afferma gámana hér á landi. Skynsemisrök mæli gegn því að starfsmenn BYKO hafi ekki orðið varir við áfengið á lager BYKO og að iðnaðarmenn hafi reglulega gengið þaðan út með bjórkassa í fanginu. Heimildarmenn blaðsins hafi staðfest að miklu fleiri starfsmenn en yfirmaður lagna-deildarinnar hafi vitað af málinu. Þá sé vandséð af hvaða ástæðum og með hvaða hætti yfirmanni lagna-deildar BYKO hafi átt að vera það kleift að kaupa þúsundir kassa af bjór og afhenda viðskiptavinum BYKO án endurgjalds. „Af þessum sökum, meðal annars, fjallaði fréttin um það að BYKO hefði mútað iðnaðarmönnum með bjór, til að eiga viðskipti við félagið, enda virðist enginn annar hafa hagnast á viðskiptunum.“

Varðandi fyrirsögnina „BYKO mútaði pípurum með bjór“ bendir ritstjórn DV á að í blaðinu hafi birst viðtal við iðnaðarmann sem sagði frá því að BYKO hefði gefið sér bjór í skiptum fyrir viðskipti. Það hafi verið alþekkt meðal iðnaðarmanna. „Því er ljóst að fyrirsögnin um að BYKO hafi afhent iðnaðarmönnum bjór var á engan hátt villandi.“ Varðandi mynd þá sem birtist með forsiðutilvitnunum í málið segir að auk þess sem Jón Helgi Guðmundsson sé aðaleigandi og stjórnarformaður fyrirtækisins hafi myndin tengst undirfyrirsögn þar sem segir að eigandinn segist ekkert hafa vitað. „Vandséð er hvernig siðareglur blaðamanna banna það að birta mynd af manni sem tjáir sig við blaðið um það málefni sem til umfjöllunar er, einkum þegar ummæli viðkomandi birtast á forsiðu þess,“ segir í greinargerð ritstjórnar.

Fimmtudaginn 29. janúar var aftur vísað í frétt um málið á forsiðu og segir þar: „Einn maður tekur á sig sök í

BYKO“. Með þeirri tilvitnun var aftur birt mynd af Jóni Helga Guðmundssyni. Um þá forsiðu segir í greinargerð ritstjórnar DV m.a. að því verði ekki haldið fram með neinum skynsemisrökum að einungis einn starfsmaður BYKO hafi komið að málinu. Við hið ólöglega athæfi hafi verið notaðir gámar í eigu félagsins, áfengið hafi verið geymt í húsnæði BYKO og afhent viðskiptavinum þess án endurgjalds. Í fyrrisögn og greininni sjálfri sé vakin athygli á því að þrátt fyrir að heimildarmönnum beri saman um það að allir starfsmenn lagnadeildar BYKO, yfirmenn og fjöldi viðskiptamanna þess, hafi vitað af málinu, þurfi einn starfsmaður fyrirtækisins að sæta ábyrgð í málinu. Ritstjórnin færir sömu rök fyrir þessari myndbirtingu og hinni fyrri. Auk þess segir í greinargerðinni „... má vera alveg ljóst að myndbirting af Jóni Helga Guðmundssyni í tengslum við fréttaflutning af því stórhneyksli, að eitt stærsta byggingarvörfyrirtæki landsins skyldi stunda það að flytja inn og afhenda áfengi með ólöglegum hætti til viðskiptavina sinna, er fjarri því að teljast brot gegn siðareglum blaðamanna, einkum með vísan til þess að heimildarvinna var vönduð, sem og framsetning og úrvinnsla ...“

II Innsíðufréttir

Í greinargerð sinni telur Ingi F. Vilhjálmsson blaðamaður að þau kærufni sem sig snerti séu vanreifuð þar sem orðalagið, „umfjöllunin þar í heild“, bendi til þess að verið sé að kæra allar þær fullyrðingar sem blaðamaður setji fram í fréttunum. Vegna þessa formgalla beri að vísa þeim frá.

Fyrrisögn fréttarinnar 28. janúar: „Viðskiptavinum BYKO mútað með smyglbjór“ segir blaðamaðurinn að sé sönn, jafnvel þótt forsvarsmenn BYKO hafi ekki staðið að eða vitað af meintu smygli. Í fréttinni hafi ekkert það verið sem benti til að Jón Helgi Guðmundsson eða Sigurður E. Ragnarsson hafi vitað af bjórsmyglinu. Þvert á móti komi ítrekað fram í fréttinni að hvorki forstjóri né aðaleigandi BYKO hafi vitað af því. Meðal annars sé það haft eftir þeim fyrrverandi starfsmanni BYKO sem grunaður sé um smyglið að svo hafi ekki verið, þótt

hann hafi sagt að aðrir forsvarsmenn í fyrirtækinu hafi vitað af smyglinu. Það sé þó engin mótsögn að segja að BYKO hafi hyglað viðskiptavinum sínum með björgjöfum á sama tíma og sagt sé að aðaleigandinn og forstjórinn liggi ekki undir grun í málinu. Sú fullyrðing sé byggð á orðum fleiri þingmanna en þess sem í sé vitnað í fréttinni.

Blaðamaðurinn segist hafa talið nægar sannanir fyrir hendi til að réttlæta fyrrisögnina: „Fullyrt að forstjóri hafi vitað af smygli“. Fullyrðingin sé ekki blaðamannsins, heldur heimildarmanna. Eftir að fyrri fréttin birtist hafi nokkrir aðilar haft samband við blaðið og sagt að það væri rangt að Sigurður Ragnarsson hafi ekki vitað af smyglinu. Kærði segist í kjölfarið hafa haft samband við nokkra aðila sem tekið hafi í sama streng. Hafi hann gert ítrekaðar tilraunir til að ná í forstjórnann en ekki tekist.

Óskað var leiðréttingar á fréttunum og 30. janúar birtist í DV frétt undir fyrrisögninni: „Forstjóri BYKO segir að fyrirtækið hafi ekki staðið fyrir því að viðskiptavinirnir fengu gefins bjór: „Skelfileg ógæfa eins manns.““ Kær- endur telja að leiðréttingin hafi að engu orðið með ítrekunum á fyrri full- yrðingum, svo sem að bjórinn hafi verið notaður til að hygla viðskiptavin- um lagnadeildar fyrirtækisins svo þeir beindu viðskiptum sínum þangað. Blaðamaðurinn segir á hinn bóginn að fréttin hafi verið lesin fyrir Sigurð og lögmann hans. Eftir smávægilegar breytingar hafi hún verið samþykkt, að öðru leyti en því að Sigurður hafi ekki verið sáttur við fyrrisögnina „Skelfi- leg ógæfa eins manns“.

Niðurstaða

Í umræddum fréttum er óneitanlega lögð talsverð áhersla á að fjalla um forstjóra og þó sérstaklega um aðal- eiganda og stjórnarformann BYKO, þrátt fyrir að talsmaður tollstjóraem- bættisins segi að þeir liggi ekki undir grun í málinu og sá sem grunaður sé um smyglið segi að þeir hafi ekki vitað um það. Það atriði er reyndar undir- strikað í fréttunum með tilvitnun í bæði forstjóra og stjórnarformann.

3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands kveður skýrt á um að blaða-

maður skuli forðast allt það sem gæti valdið saklausu fólki, eða fólki sem eigi um sárt að binda, óþarfa sárs- auka eða vanvirðu.

Í ljósi þess að meint smygl og dreif- ing þess virðist tengjast fyrirtækinu á margvíslegan hátt telur siðanefnd hins vegar að eðlilega veki það sérstaka athygli og skiljanlegt að umfjöllunin beinist að því atriði. Myndir af fyrir- tækinu og þeim manni sem telst vera andlit þess eru hluti af slíkri umfjöllun. Í undirfyrrisögn á forsiðu 28. janúar er vitnað til þeirra orða Jóns Helga að hann hafi ekkert vitað um málið. Þar er því tilefni til myndbirtingar, þótt óþarft hafi verið að hafa myndina sam- setta með mynd af bjórflöskum, enda gæti það misskilist. Hins vegar þykir siðanefnd það orka tvímælis að birta aftur mynd á forsiðu af Jóni Helga daginn eftir við hlið fyrirsagnarinnar „Einn maður tekur á sig sök í BYKO“. Siðanefnd telur að tæpast hafi verið tilefni til þeirrar myndbirtingar.

Þá þykir siðanefnd á mörkunum að nota fyrrisögnina „Fullyrt að forstjóri hafi vitað af smygli“. Þetta er alvarleg ásökun sem byggð er á ónafngreind- um heimildarmanni. Þegar enginn nafngreindur viðmælandi er ábyrgur fyrir ummælum hlýtur blaðamaður og/ eða ritstjóri að bera ábyrgð á þeim. Blaðamaðurinn segist hafa haft fleiri en einn heimildarmann fyrir innihaldi fyrirsagnarinnar, en engu að síður er þarna teflt á tæpasta vað.

Samkvæmt fréttum DV er sitthvað á reiki í málinu og því telur siðanefnd að í ofangreindum atriðum hefði að ósekju mátt fara varlegar varðandi framsetningu fréttanna en gert var. Þó telur siðanefnd ekki að um brot á siða- reglum Blaðamannafélags Íslands hafi verið að ræða.

Úrskurður

Ritstjórn DV og Ingi F. Vilhjálmsson teljast ekki hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands.

Reykjavík, 11. maí 2009

Hjörtur Gíslason, Björn Vignir
Sigurpálsson, Jóhannes Tómasson,
Sigurveig Jónsdóttir,
Valgerður Jóhannsdóttir

Kærðu brutu ekki síðareglur

Mál nr. 4 2008/2009

Kærandi: Myllan

Kærðu: Fréttastofa Stöðvar 2/Lóa Pind Aldísardóttir

Kæruefni: Umfjöllun um vörumerkingar

Kæran barst í tölvupósti 10. mars 2009. Kærinni fylgdi útskrift af frétt Stöðvar 2 og fréttaskýringu í Íslandi í dag, og fleiri gögn. Þau eru hollustustefna Myllunnar, kvörtun fréttamanns til Neytendastofu, úrskurður Neytendastofu og afrit af framhaldsfrétt um málið. Lóa P. Aldísardóttir sendi svar við kærinni 27. apríl 2009 og auk þess stutt myndskleið með viðbrögðum neytenda. Síðanefnd fjallaði um kærana á fundum 11. og 18. maí 2009.

Málavextir

Í kærinni er óskað eftir því að síðanefnd skeri úr um það hvort umfjöllun fréttastofu Stöðvar 2 um Minna mál Ágústu Johnson og Mylluna í frétt og fréttaskýringu Veljum íslenskt ... eða hvað ...? brjóti í bága við ákvæði í 3. grein og 4. grein síðareglna Blaðamannafélags Íslands.

Umrædd frétt var send út í kvöldfréttum Stöðvar 2 þann 11. febrúar sl. og í framhaldi af henni var fréttaskýring sama dag í þættinum Ísland í dag. Í kærinni segir: „Í báðum tilvikum eru óréttmætir eða gagnrýniverðir viðskiptahættir á vegum innlendra framleiðenda til umfjöllunar í tengslum við átakmerkingu Samtaka iðnaðarins „Íslensk framleiðsla“ og aðrar vörumerkingar á misíslenskum varningi í hagnaðarskyni.“

merkingar á misíslenskum varningi í hagnaðarskyni.“

Fram kemur að umrædd vara, Minna mál Ágústu Johnson, sé flutt inn og henni dreift af Myllunni, sem er í eigu ÍSAM hf. Varan er framleidd og henni pakkað inn í íslenskar umbúðir með samningi Myllunnar við þýska framleiðandann dr. Karg. Þetta sé neysluvara sem hafi haslað sér völl á heimamarkaði sínum sem viðurkennd hollustuvara og sé markaðssetning hennar á íslenskum neytendamarkaði liður í hollustustefnu Myllunnar.

Greinargerð kæranda

Í greinargerð kæranda kemur fram að Lóa Pind Aldísardóttir og Björn Jónsson, framkvæmdastjóri og talsmaður Myllunnar, hafi í tvígang talast við í síma á meðan á vinnslu fyrri fréttarinnar og fréttaskýringar stóð. Í fyrri skiptið að frumkvæði fréttamannsins, sem óskaði skýringa á því að Myllan merkti Minna mál Ágústu Johnson með átaksmerki SI „Íslensk framleiðsla“, þótt um þýska framleiðslu væri að ræða. Í samtalinu var fréttamanninum gerð grein fyrir því að Minna mál Ágústu Johnson væri ekki sett á markað sem íslensk framleiðsla, eins og umbúðarmerkingar gæfu skýrt til kynna, heldur sem hollur skyndibiti. Ekki stæði til að merkingar gæfu annað til kynna og að erindi fréttamannsins kæmi því á óvart.

Í síðara skiptið hafi Björn haft samband við Lóa og gert henni grein fyrir að starfsmenn Myllunnar hefðu gengið úr skugga um að Minna máli Ágústu Johnson hefði ekki verið dreift með átaksmerki SI á vegum Myllunnar, hvorki fyrir mistök né af öðrum orsök-

um, enda væri ekki verið að selja vöruna sem íslenska. Þá hafi Lóa falast eftir viðtali við talsmann Myllunnar um málið og hafi Björn tekið vel í þá ósk. Af viðtalinu hafi þó ekki orðið.

Í kærinni kemur ennfremur fram að nokkru fyrir áðurgreindan fréttaplutning hafi Myllunni borist afrit af formlegri kvörtun Lóa Pind Aldísardóttur til Neytendastofu vegna villandi umbúðarmerkinga á Minna máli Ágústu Johnson. Rökstuðningur kvörtunarinnar hafi verið að verið væri að blekkja neytendur og fá þá til að kaupa innflutta vöru sem íslenska framleiðslu. Í úrskurði Neytendastofu frá 19. febrúar 2009 kemur fram að umbúðirnar séu ekki villandi eða til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um viðskipti og þar með hafa áhrif á eftirspurn í skilningi laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Kærandi telur að umrædd umfjöllun sé það almenns eðlis að eitt sé látið yfir þá ganga sem um hafi verið fjallað, óháð tilefni eða aðstæðum. Margt bendi til að umfjöllunin byggji á fyrirfram mynduðum skoðunum fréttastofunnar og að fréttavinnslan hafi öðrum þræði miðast við að færa sönnur á það að Myllan stundi óréttmæta viðskiptahætti í hagnaðarskyni.

Það er því mat forsvarsmanna Myllunnar að umrædd frétt og fréttaskýring fréttastofu Stöðvar 2 hafi ekki uppfyllt kröfur faglegs fréttaplutnings af vandasömu og vandmeðförnu málefni og það síðan rökstutt í tíu liðum.

Kærandi telur að Myllan sem dreifingaraðili og umrædd vara hafi að ósekju beðið álitshnekkri vegna þessarar umfjöllunar Stöðvar 2 og hún brjóti því í bága við 3. og 4. grein síðareglna Blaðamannafélags Íslands.

Svar Lóu Pind Aldísardóttur

Í greinargerð Lóu Pind Aldísardóttur kemur fram að tilefni umfjöllunarinnar hafi verið reglulegar markaðsherferðir Samtaka iðnaðarins sem eigi að hvetja neytendur til að kaupa íslenskar vörur enda þjóðin líklega aldrei verið móttækilegri fyrir slíkri hvatningu en einmitt nú í haust þegar allar spár bentu til að gríðarlegt atvinnuleysi vofði yfir Íslendingum. Samtöl við ýmsa framleiðendur og Samtök iðnaðarins hafi enda staðfest að herferðin hefði skilað árangri.

Til undirbúnings fréttaskýringunni segist Lóa hafa farið í vettvangsferðir í verslanir og athyglin hafi beinst að því hversu takmarkaðar upplýsingar um uppruna eru almennt á vörum með íslenskum merkingum. Hún kveðst hafa kannað uppruna varanna og farið síðan í Krónuna á Bildshöfða einn eftirmiðdag til að kanna hvað fólk héldi um upprunaland ákveðinna vörutegunda. Nær allir viðmælenda hafi talið að Minna mál væri íslensk vara við fyrstu sýn.

Í greinargerðinni segir að til séu reglur um merkingar á vörum, en þær séu rúmar og framleiðendum beri ekki skylda til að upplýsa hvaðan vara sé. Hins vegar megi ekki blekkja kaupendur um uppruna vöru. Í ljósi átaks SI og vegna viðbragða neytenda í Krónunni segist Lóa sem fréttamaður Stöðvar 2 hafa ákveðið að kæra merkingar Myllunnar á Minna máli og merkingar á frosnu erlendu grænmeti undir heitinu Íslenskt meðlæti til Neytendastofu. Það hafi verið gert til þess að fá álit hlutlauss aðila á viðkomandi merkingum.

Þá tekur Lóa fram, að rangt sé með það farið í kærinni, að Björn Jónsson,

framkvæmdastjóri Myllunnar, hafi tekið vel í viðtal. Hið rétta sé að hann hafi ekki viljað koma í viðtal vegna merkinga á Minna máli – eins og raunar virðist koma fram í kærinni, en þar sagði: „taldi Myllan að að ekki væru forsendur fyrir frekari samskiptum við fulltrúa fréttastofunnar vegna málsins“.

Lóa segir að hún hefði að sjálf-sögu tekið viðtal við Björn hefði það verið í boði, rétt eins og við Marteín Magnússon, markaðsstjóra hjá Íslensku meðlæti og Alfreð Jóhannsson, sölustjóra Ó. Johnson & Kaaber. Þá sé einnig rangt með farið í kærinni að í fyrra símtali hafi hún óskað skýringa á því hví Minna mál Ágústu Johnson væri merkt með átaksmerki SI. Hún hafi hvergi séð Minna mál merkt með þeim miða. Hún hafi eingöngu óskað upplýsinga um hvar varan væri framleidd, sem Björn hafi upplýst greiðlega. Kveðst hún hafa sagt honum að hún væri að vinna að fréttaskýringu um hvenær vara teljist íslensk, í tilefni af átaki SI.

Í greinargerð Lóu er því haldið fram að fréttaskýringin Veljum íslenskt hafi verið unnin af fagmennsku og þar tekið á brýnu álitæfni á íslenskum neytendamarkaði. Framleiðendum/innflytjendum þeirra vara sem sérstaklega voru skoðaðar var boðið í viðtal og þáðu tveir þeirra það. Lóa segir að þess hafið verið gætt í hvívetna að vanda upplýsingaöflun, úrvinnslu og framsetningu málsins.

Niðurstaða

Siðanefnd telur að efnistöð og rannsóknarvinna í þessari umfjöllun Stöðvar 2 verði að teljast eðlileg og full-

nægjandi. Grundvallaratriði málsins er að viðbrögð viðmælenda í Krónunni í fréttaskýringunni sýndu að mynd af Ágústu Johnson á Minna máli gaf hrökkbrauðinu íslenska ásýnd, þótt ekki sé dregið í efa að fyrir Myllunni hafi fyrst og fremst vakað að skírskota til hollustu vörunnar. Í umfjölluninni er heldur hvergi sagt að slíkur ásetningur liggi að baki hjá Myllunni, heldur einungis að myndin af Ágústu vekti þau hugrenningatengsl hjá neytendum að varan sé íslensk. Á þann hátt njóti hún góðs af átaki Samtaka iðnaðarins.

Eðli málsins samkvæmt þarf iðulega að fara hratt yfir sögu í umfjöllun af þessu tagi. Sjaldan gefst tími til að fara í nákvæmar útlistanir og einfalda þarf flókna hluti. Oft er það einnig eðli fréttaskýringa í sjónvarpi að framsetning og efnistöð eru ágeng. Slíkt má þó ekki verða á kostnað staðreynda og nákvæmni upplýsinga. Ekki verður á það fallist að um slíkt hafi verið að ræða í umræddri umfjöllun.

Eftir stendur orð gegn orði varðandi viðtal við forsvarsmann Myllunnar, en hugsanlega hefði það gert kærnu þessa óþarfa. Siðanefnd hefur engin tök á að úrskurða í því efni.

Úrskurður

Kærðu teljast ekki hafa brotið siðareglur Bládamannafélags Íslands.

Reykjavík, 18. maí 2009

Hjörtur Gíslason;

Björn Vignir Sigurpálsson;

Jóhannes Tómasson;

Sigurveig Jónsdóttir;

Valgerður Jóhannsdóttir



Alvarlegt brot hjá DV

Mál nr. 1/2009-2010

Kærandi: NN

Kærðu: DV (Baldur Guðmundsson blaðamaður, ritstjóri DV).

Kæruefni

Viðtal við Ingvar Jóel Ingvarsson í helgarblaði DV 12.-14. júní 2009, undir fyrirsögninni „Fjögur viðhöld og eiginmaður“.

Málsmeðferð

Kæra frá Auði B. Jónsdóttur hdl., fyrir hönd konunnar NN, barst Siðanefnd með bréfi dags. 16. júní 2009. Málið var tekið fyrir á fundi 19. ágúst og þá ákveðið að óska eftir greinargerð frá kærðu. Greinargerð kærðu barst Siðanefnd með bréfi dags. 26. ágúst. Siðanefnd tók málið síðan fyrir 2. og 9. september.

Málavextir

Í hinu kærða viðtali lýsir Ingvar Jóel nær eingöngu samskiptum sínum við ónafngreinda gifta konu og hefur uppi alvarlegar ásakanir í hennar garð um svik, lygar, lögbrot og framhjáhald. Markmið viðtalsins af hálfu Ingvars virðist þó vera að hrinda af sér meintum orðrómi á vegum hinnar ónafngreindu konu, um að hann hefði hóttað sonum hennar.

Í kærubréfinu er því haldið fram að í viðtalinu sé með „grófum hætti brotið gegn friðhelgi einkalífs“ konunnar „og æra hennar gróflega meidd“. Konan sé að vísu ekki nafngreind, en „öllum sem tengjast heimi kraftlyftinga og þeir sem kannst við viðkomandi aðila (sé) ljóst um hvern ræðir þannig að

nafnleynd dugir ekki til að leyna persónu“ konunnar. Ásökunum Ingvars Jóels er alfarið hafnað sem röngum og því haldið fram að DV hafi „þannig brotið gróflega gegn 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands um að vanda upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu“.

Einnig telur kærandi að brotin hafi verið sú skylda „að sýna fyllstu tillitssemi í vandasömum málum og forðast allt sem valdið getur saklausu fólki óþarfa sársauka eða vanvirðu“. Nefnir kærandi eiginmann og syni konunnar í þessu sambandi. Öllum ásökunum Ingvars Jóels á hendur konunni er hafnað sem röngum. Kærandi telur að þótt Ingvar Jóel hafi mikla þörf fyrir að tjá sig sé DV ekki rétti vettvangurinn til þess. Gerð er krafa um að Siðanefnd úrskurði að um alvarlegt brot á siðareglum sé að ræða.

Í greinargerð kærðu, sem Baldur Guðmundsson blaðamaður og Jón Trausti Reynisson ritstjóri skrifa undir, er því hafnað að upplýsingaöflun hafi verið ábótavant. Blaðamaðurinn kveðst, eftir að hafa rætt við Ingvar Jóel, hafa „leitað staðfestingar á lyklatríðum í frásögn Ingvars Jóels“ með því að ræða við annars vegar „mann sem þekkir vel til í heimi kraftlyftinga og þekkir vel til aðstæðna Ingvars Jóels“ og hins vegar við „annan mann sem þekkir mjög vel til í heimi kraftlyftinga“. Frásagnir þessara manna hafi rennt stöðum undir frásögn Ingvars Jóels.

Kærðu telja sig ekki geta tekið ábyrgð á orðspori konunnar „í heimi kraftlyftinga“ þannig að það varði nafnleyndina. Ekki verði séð að „aðrir en þeir sem þegar vissu um orðspor (konunnar) hafi vitað hvaða konu Ingvar Jóel ræddi um“ og að engar tilvísanir til persónu kæranda væri að

finna í viðtalinu. Sá fyrirvari sé ítrekað settur í viðtalinu „að um frásögn af persónulegri reynslu Ingvars Jóels sé að ræða“ og engin rök færð fyrir því í kærinni „að frásögn Ingvars Jóels sé ekki rétt, né að (kærandi) komi yfir höfuð fyrir í frásögn Ingvars“ – þar standi orð gegn orði.

Blaðamaðurinn hafnar því alfarið að viðtalið sé með þeim hætti að í því felist brot á siðareglum og segir að þess hafi verið „sérstaklega gætt með nafnleynd að frásögn myndi ekki valda nafntoguðum einstaklingum eða aðstandendum þeirra óþarfa sársauka eða vanvirðu“ og ekki yrði „með nokkru móti séð hvernig það á að vera á vitorði mjög margra hver hinn nafnlaus einstaklingur er“.

Hjá ritstjóra kemur fram að ótilgreindur karlmaður, sem hafi kynnt sig sem lögmaður konunnar, hafi haft samband við DV og að honum hafi verið boðin birting á nafnlausri athugasemd frá téðri konu. Ekki hafi verið áhugi á því. Ritstjórinn segir enga aðra athugasemd hafa borist vegna viðtalsins fyrr en með viðkomandi kærðu til siðanefndar, sem væri „svo illa rökstudd að ekki er hafið yfir vafa að kærandi hafi komið við sögu í þeirri grein sem hún kærir“.

Umfjöllun

Siðanefnd fellst ekki á þá fullyrðingu kæranda að DV sé ekki rétti vettvangurinn fyrir persónuleg viðtöl. Siðanefnd tekur undir með kærðu að það sé ekki „á valdi eða forræði lögmanna að segja til um hvort DV sé rétti vettvangur fyrir viðtal á borð við það sem kæran lýtur að“.

Siðanefnd tók fyrir ósk kæranda um undanþágu á leiðréttingarákvæði 2. mgr. 6 gr. siðareglna og ákvað að

taka kærana til efnislegrar umfjöllunar, enda væri vandséð hvornig unnt yrði að leiðrétta hið kærða efni. Nefna má í þessu sambandi fordæmi í m.a. málum nr. 5/2003-2004, nr. 4/2005-2006 og nr. 9/2005-2006.

Siðanefnd telur að í umræddu viðtali hafi þess ekki verið gætt að afmá með fullnægjandi hætti persónugreinanlegar upplýsingar um þá konu sem Ingvar Jóel ber mjög alvarlegum sökum. Viðtalið ber með sér að konan tengist „heimi kraftlyftinga“ með skýrum hætti og tengsl þessi eru undirstríkuð þar sem segir í viðtalinu að Ingvar Jóel hafi lagt alla sína „peninga í stöðina“ sem konan rak. Þegar þetta er lagt saman við aðrar upplýsingar sem fram koma, um að viðkomandi „stöð“ hafi farið „á hausinn“, að

konan sé gift og eigi tvo syni, þá verður að telja persónugreinanlegar upplýsingar séu með þeim hætti að jaðri við nafnbirtingu og það út fyrir „heimkraftlyftinga“.

Siðanefnd telur það ófullnægjandi vinnubrögð að leita staðfestinga hjá tveimur einstaklingum „í heimi kraftlyftinga“, en leita á engan hátt gagnsjónarmiða umræddrar konu. Hafa ber í huga að sterkar vísbendingar voru uppi um andlegt ójafnvægi viðmælandans. Hann kveðst sjálfur hafa leitað til sálfræðings og heilara. Siðanefnd telur að með þessar upplýsingar í höndunum og í ljósi þess að um mjög persónuleg og viðkvæm mál er að ræða hafi DV átt að fara sérstaklega varlega við birtingu viðtalsins og að lágmarki leita sjónarmiða gagnaðilans.

Í ljósi ofangreinds telur siðanefnd að DV hafi hvorki með fullnægjandi hætti vandað upplýsingaöflun sína né gætt þess að valda ekki saklausu fólki óþarfa sársauka og vanvirðu.

Úrskurður

Kærðu, blaðamaður og ritstjórar DV, brutu 3. gr. siðareglna. Brotið er alvarlegt.

Reykjavík, 9. september 2009

Björn Vignir Sigurpálsson,
Hjörtur Gíslason,
Jóhannes Tómasson,
Friðrik Þór Guðmundsson,
Valgerður Anna Jóhannsdóttir

Ámælisvert brot hjá Stöð 2

Mál nr. 2/2009-2010

Kærandi: Stefán Guðmundsson

Kærða: Karen Kjartansdóttir.

Kæru efni: Frétt í fréttatíma Stöðvar 2, og efnislega sama frétt á visir.is, 24. nóvember 2009 um forsjárdeilmál.

Málsmeðferð

Kæra barst siðanefnd með bréfi dagsettu 22. janúar 2010 ásamt ítarlegum fylgigögnum. Málið var tekið fyrir á fundi 10. febrúar og þá ákveðið að óska eftir greinargerð frá kærðu. Greinargerð kærðu barst siðanefnd 23. febrúar. Siðanefnd tók málið síðan fyrir 3. mars og 8. mars.

Málavextir

Í hinni kærðu frétt var fjallað um niðurstöðu rannsóknar ónafngreinds lög-

fræðings á ofbeldistilvikum tengdum forsjárdeilumálum og rakið dæmi um atvik í einu slíku máli, þar sem kallaðir voru út alls fimm lögregluþjónar til að framfylgja innsetningarúrskurði á þá lund að koma stúlkubarni til föður. Innsetningaraðgerðin var framkvæmd á heimili móðurinnar þann 2. júlí 2009. Fréttin studdist við niðurstöður áður nefndrar rannsóknar, við skýrslu lögregluþjónanna fimm um framkvæmd umræddrar innsetningargjörðar, vitnað var í læknisvottorð og tilsvör frá lögmanni föðursins og fulltrúum Barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Í fréttinni var meðal annars fullyrt að stúlkubarnið hefði þurft á læknishjálp að halda eftir heimsóknina til föður síns. Ekki var þó um að ræða nafngreiningu á málsaðilum eða ígildi nafngreiningar.

Í kærinni eru alls fimm atriði sérstaklega kærð og tölusett og almennt vísað til þriðju greinar siðareglna BÍ.

Verða þessi fimm atriði kærinnar nú rakin stuttlega og greint frá tilsvörum hinnar kærðu við þeim.

Í **fyrsta kæruliði** fullyrðir kærandi að kærða hafi farið með rangfærslu með því að láta „að því liggja að ástæða fjölgunar lögreglumanna á staðnum hafi verið sú að barnið hafi ekki viljað fara til föður“. Hin kærða andmælir þessu með því að benda á skýrslu lögregluþjónanna fimm, en þar stendur meðal annars: „Greinilegt var að (stúlkubarnið) vildi ekki fara frá móður sinni“ auk þess sem fleira í skýrslunni styðji við þennan skilning.

Í **öðrum kæruliði** er kærð sú fullyrðing í fréttinni að „Stúlkan þurfti læknishjálp eftir heimsóknina til föður síns“. Eftir innsetninguna var stúlkubarnið hjá föður sínum í fimm vikur. Hin kærða vísar til læknisvottorðs frá því 18. september 2008 (vegna annarrar og undanfarandi innsetningar) og til matsgerðar dómskvadds mats-



manns, sálfræðings, dags. 22. nóvember 2009, auk þess sem hin kærða vísar til læknisvottorða, þar sem fram kæmi að stúlkan glímdi við svefnleysi, skjálfta, kvíða og angist, en einkennin væru tengd „pabbadögum“.

Í **þriðja kærulið** mótmælir kærandi „*harðlega umfjöllun sem höfð er eftir lögregluþjónu og þeirri skýrslu sem þeir eru sagðir hafa skrifað allir undir ...*“. Hin kærða gerir kröfu um að þessum kærulið verði vísað frá, enda varði hann ekki blaðamennsku hennar, heldur formlegri skýrslu fimm lögregluþjóna, sem hlyti að teljast traust heimild.

